

LV-2015-054



Landsvirkjun



# Áhrif vindmylla í Búrfellslundi á ferðamenn



## Lykilsíða



Skýrsla LV nr: LV-2015-054

Dags: maí 2015

Fjöldi síðna: 154

Upplag: 3

Dreifing:

- Birt á vef LV
- Opin
- Takmörkuð til

Titill: Áhrif vindmylla í Búrfellslundi á ferðamenn

Höfundar/fyrirtæki: Anna Dóra Sæþórsdóttir, Guðmundur Björnsson og Rannveig Ólafsdóttir/Háskóli Íslands

Verkefnisstjóri: Margrét Arnardóttir

Unnið fyrir: Landsvirkjun

Samvinnuaðilar: \_\_\_\_\_

Útdráttur: Árið 2012 voru tvær vindmyllur reistar í tilraunaskyni á Hafinu í Skeiða- og Gnúpverjahreppi, vestan Þjórsár, rétt ofan við Búrfell. Landsvirkjun hefur nú til skoðunar að reisa allt að 80 vindmyllur í svokölluðum Búrfellslundi rétt austan við Þjórsá norðan við Búrfell (í afréttum Rangárbings ytra, Ásahrepps og Skeiða- og Gnúpverjahrepps). Í þessari skýrslu eru kynntar niðurstöður rannsóknar á áhrifum fyrirhugaðra vindmylla á upplifun ferðamanna og viðhorf ferðamanna til vindorkuframleiðslu á Íslandi. Verkefnið er unnið af Háskóla Íslands fyrir Landsvirkjun vegna mats á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar.

Lykilorð: Búrfellslundur, vindmyllur, ferðamenn.

ISBN nr: 978-9935-9266-0-9

Samþykki verkefnisstjóra  
Landsvirkjunar

A handwritten signature in blue ink, appearing to be 'MA', written over a horizontal line.







# Áhrif vindmylla í Búrfellslundi á ferðamenn



Anna Dóra Sæþórsdóttir  
Guðmundur Björnsson  
Rannveig Ólafsdóttir



# Áhrif vindmylla í Búrfellslundi á ferðamenn

Maí 2015

© Anna Dóra Sæþórsdóttir, Guðmundur Björnsson og Rannveig Ólafsdóttir

Útgefandi: Land- og ferðamálafræðistofa, Líf- og umhverfisvísindadeild Háskóla Íslands, Háskóli Íslands, Sturlugata 7, IS-101 Reykjavík

Forsíðumynd er tekin í norður frá Dómadalsvegamótum á Landvegi. Ljósmynd: Guðmundur Björnsson

ISBN 978-9935-9266-0-9

## Formáli

Árið 2012 voru tvær vindmyllur reistar í tilraunaskyni á Hafinu í Skeiða- og Gnúpverjahreppi, vestan Þjórsár, rétt ofan við Búrfell. Landsvirkjun hefur nú til skoðunar að reisa allt að 80 vindmyllur í svokölluðum Búrfellslundi rétt austan við Þjórsá norðan við Búrfell (í afréttum Rangárfings ytra, Ásahrepps og Skeiða- og Gnúpverjahrepps). Í þessari skýrslu eru kynntar niðurstöður rannsóknar á áhrifum fyrirhugaðra vindmylla á upplifun ferðamanna og viðhorf ferðamanna til vindorkuframleiðslu á Íslandi. Verkefnið er unnið fyrir Landsvirkjun vegna mats á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar.

Verkefnisstjórar eru Anna Dóra Sæþórsdóttir dósent og Rannveig Ólafsdóttir prófessor við Háskóla Íslands. Mikill hluti sjálfrar rannsóknarvinnunnar þar með talið gagnaöflun (dreifing spurningalista og viðtöl við ferðamenn) og úrvinnsla (tölfræðileg greining og greining viðtala) hefur hvílt á herðum Guðmundar Björnssonar MS nema í ferðamálafræði við Háskóla Íslands. Guðrún Líneik Guðjónsdóttir MS nemi í ferðamálafræði aðstoðaði við að dreifa spurningalistum og Þórarinn Már Kristjánsson MS nemi í verkfræði aðstoðaði við innslátt gagna úr spurningakönnuninni. Þorkell Stefánsson MS nemi í ferðamálafræði veitti góð ráð við tölfræðilega úrvinnslu. Þeim er öllum þakkað kærlega fyrir veitt aðstoð. Öllum viðmælendum eru einnig þakkaðar góðar viðtökur. Skýrsla þessi er unnin af Guðmundi Björnssyni og verkefnisstjórunum.

*Anna Dóra Sæþórsdóttir  
Rannveig Ólafsdóttir*



# Efnisyfirlit

Myndaskrá.....	iii
Töfluskrá .....	vii
<b>1 Inngangur .....</b>	<b>1</b>
<b>2 Náttúruferðamennska í nágrenni víðerna .....</b>	<b>3</b>
<b>3 Áhrifasvæði Búrfellslundar á ferðmenn .....</b>	<b>9</b>
<b>4 Gögn og aðferðir.....</b>	<b>13</b>
4.1 Spurningakönnun.....	13
4.1.1 Afmörkun þýðis og val á úrtaki .....	13
4.1.2 Uppbygging spurningalista og úrvinnsla könnunar .....	14
4.1.3 Hugtakið svæði.....	15
4.1.3 Úrvinnsla könnunar .....	16
4.2 Viðtalskönnun .....	17
<b>5 Niðurstöður .....</b>	<b>21</b>
5.1 Ferðamenn og einkenni þeirra .....	21
5.2 Upplifun og ánægja ferðamanna á svæðinu .....	22
5.3 Viðhorf ferðamanna til víðerna .....	23
5.4 Viðhorf ferðamanna til umhverfisþátta og innviða .....	26
5.5 Greining á viðhorfum ferðamanna eftir viðhorfskvarðanum .....	29
5.6 Viðhorf til vindmylla .....	30
5.7 Viðhorf til fullyrðinga um vindmyllur .....	35
5.8 Viðhorf til orkugjafa .....	38
5.9 Viðhorf ferðamanna til landslags.....	40
5.10 Viðhorf til vindmylla í íslensku landslagi.....	47
5.11 Samanburður á viðhorfi ferðamanna til vindmylla í landslagi.....	55
5.11.1 Munur á viðhorfi eftir stærð og fjölda vindmylla .....	55
5.11.2 Munur á viðhorfi eftir landslagi.....	62
<b>6 Umræður og ályktanir .....</b>	<b>65</b>
<b>Heimildir.....</b>	<b>69</b>
<b>Viðauki I - Tölfræðigreining.....</b>	<b>73</b>
<b>Viðauki II – Íslenskur spurningalisti.....</b>	<b>129</b>
<b>Viðauki III – Kort af rannsóknarsvæðinu .....</b>	<b>137</b>
<b>Viðauki IV. Rammi fyrir viðtöl við ferðamenn við Búrfellslund. ....</b>	<b>139</b>





# Myndaskrá

Mynd 1. Búrfellslundur – mörk svæðis. ....	1
Mynd 2. Gistinætur í skálum í óbyggðum 1998-2013, á landinu öllu (rauð lína) og á suðurhluta hálendisins (blá lína). 3	
Mynd 3. Víðernisrófið. ....	4
Mynd 4. Sýnileiki Búrfellslundar. ....	12
Mynd 5. Tíðni heimsókna ferðamanna á svæðið. ....	21
Mynd 6. Þjóðerni svarenda. ....	21
Mynd 7. Starf svarenda. ....	21
Mynd 8. Aldur svarenda. ....	21
Mynd 9. Ferðafélagar svarenda. ....	22
Mynd 10. Ferðamáti svarenda. ....	22
Mynd 11. Hlutfall svarenda sem hafa vindmyllur væru nærri heimili sínu. ....	22
Mynd 12. Upplifun gesta af svæðinu. ....	23
Mynd 13. Ánægja með dvöl á svæðinu. ....	23
Mynd 14. Ánægja með náttúru svæðisins. ....	23
Mynd 15. Eru „ósnortin víðerni“ hluti af aðráttarafli svæðisins? ....	24
Mynd 16. Komstu á svæðið til að upplifa ósnortin víðerni? ....	24
Mynd 17. Mannleg ummerki sem mega vera til staðar án þess að hugtakið ósnortið víðerni glati merkingu sinni að mati ferðamanna. ....	25
Mynd 18. Mikilvægi ýmissa atriða fyrir ferðamenn á svæðinu. ....	26
Mynd 19. Að hægt sé að upplifa óraskaða náttúru. ....	27
Mynd 20. Að hægt sé að njóta kyrrðar. ....	27
Mynd 21. Að ekki sjáist ummerki um utanvegaakstur. ....	27
Mynd 22. Að geta gengið án þess að sjá önnur mannvirki en fjallaskála. ....	27
Mynd 23. Að verða ekki fyrir ónæði af flugumferð. ....	27
Mynd 24. Að það séu fáir aðrir ferðamenn. ....	27
Mynd 25. Að ekki sjáist ummerki eftir aðra ferðamenn. ....	28
Mynd 26. Að mega tjalda hvar sem er innan svæðis. ....	28
Mynd 27. Að geta tjaldað þar sem þú verður ekki var við aðra. ....	28
Mynd 28. Áningastaðir (bekkir og borð). ....	28
Mynd 29. Skiplögð tjaldsvæði. ....	28
Mynd 30. Lagðir göngustígar. ....	28
Mynd 31. Göngubrýr. ....	28
Mynd 32. Skoðunarverðir staðir merktir. ....	28
Mynd 33. Merktar gönguleiðir. ....	29
Mynd 34. Hlutfallsleg skipting ferðamanna með hliðsjón af viðhorfskvarðanum eftir stöðum. ....	30
Mynd 35. Tókstu eftir vindmyllum tveimur á Hafinu? ....	30
Mynd 36. Stoppaðir þú við vindmyllurnar tvær á Hafinu? ....	30
Mynd 37. Viðhorf til vindmylla. ....	31
Mynd 38. Viðhorf til vindmylla. ....	31

Mynd 39. Áhrif vindmylla á ferðahegðun um svæðið.....	33
Mynd 40. Mat ferðamanna á hæfilegum fjölda vindmylla á svæðinu.....	34
Mynd 41. Áhrif nálægra vindmylla utan sjónlínu.....	34
Mynd 42. Viðhorf ferðamanna til vindmylla.....	35
Mynd 43. Viðhorf ferðamanna til vindmylla (%).....	36
Mynd 44. Áhyggjur af loftlagsbreytingum.....	38
Mynd 45. Viðhorf til orkugjafa.....	38
Mynd 46. Viðhorf til orkugjafa.....	39
Mynd 47. Viðhorf ferðamanna til fegurðar landslags á ljósmyndum.....	41
Mynd 48. Ljósmynd C tekin til austurs frá Hólaskógi með Heklu í baksýn.....	41
Mynd 49. Viðhorf til landslags á ljósmynd C.....	41
Mynd 50. Ljósmynd A tekin til suðurs eftir Þjóðvegi 26 með Búrfell og Bjólfell í baksýn.....	42
Mynd 51. Viðhorf til landslags á ljósmynd A.....	42
Mynd 52. Ljósmynd D tekin yfir sandauðn.....	42
Mynd 53. Viðhorf til landslags á ljósmynd D.....	42
Mynd 54. Ljósmynd E tekin til austurs með háspennumöstur í forgrunni og Heklu í baksýn.....	42
Mynd 55. Viðhorf til landslags á ljósmynd E.....	42
Mynd 56. Ljósmynd F tekin til suðurs yfir frárennisskurð Sultartangavirkjunar með Búrfell í baksýn.....	42
Mynd 57. Viðhorf til landslags á ljósmynd F.....	42
Mynd 58. Ljósmynd B tekin til austurs yfir sandauðn með háspennumastur í forgrunni.....	43
Mynd 59. Viðhorf til landslags á ljósmynd B.....	43
Mynd 60. Samanburður á viðhorfi til landslags á ljósmyndum C og E.....	44
Mynd 61. Ljósmynd C tekin frá Hólaskógi til austurs með Heklu í bakgrunni. Enginn mannvirki sjáanleg.....	44
Mynd 62. Ljósmynd E tekin frá Hólaskógi til austurs með Heklu í bakgrunni og háspennumöstur til hliðar.....	44
Mynd 63. Samanburður á viðhorfi til landslags á ljósmyndum B og D.....	45
Mynd 64. Ljósmynd B tekin til austurs af Þjóðvegi 33. Háspennumastur ber við fjallasýn.....	45
Mynd 65. Ljósmynd D tekin til austurs af Þjóðvegi 33. Ekkert háspennumastur.....	45
Mynd 66. Samanburður á viðhorfi til landslags á ljósmyndum A og F.....	45
Mynd 67. Ljósmynd A tekin til suðurs frá Þjóðvegi F26 með Búrfell í bakgrunni.....	45
Mynd 68. Ljósmynd F tekin til suðurs frá Sultangavirkjun yfir frárennisskurðinn og með Búrfell í bakgrunni.....	45
Mynd 69. Viðhorf til vindmylla á ljósmyndum A til O.....	47
Mynd 70. Viðhorf til vindmylla á ljósmynd G.....	48
Mynd 71. Ljósmynd G. 64 metra háar vindmyllur í 1,5 km fjarlægð. Mynd tekin frá Hólaskógi til austurs. Hekla í bakgrunni.....	48
Mynd 72. Viðhorf til vindmylla á ljósmynd E.....	48
Mynd 73. Ljósmynd E. 64 metra háar vindmyllur í 1,5 km fjarlægð. Mynd tekin til suðurs eftir Þjóðvegi 26. Búrfell fyrir miðju.....	48
Mynd 74. Ljósmynd K. 80 metra háar vindmyllur í 1,5 km fjarlægð. Hekla í bakgrunni.....	49
Mynd 75. Viðhorf til vindmylla á mynd K.....	49
Mynd 76. Ljósmynd J. 64 metra háar vindmyllur í 1,5 km fjarlægð. Hekla í bakgrunni.....	49
Mynd 77. Viðhorf til vindmylla á ljósmynd J.....	49

Mynd 78. Viðhorf til vindmylla á ljósmynd B. ....	49
Mynd 79. Ljósmynd B. 64 metra háar vindmyllur í 4 km fjarlægð. Mynd tekin til austurs yfir Bjarnalón. ....	49
Mynd 80. Viðhorf til vindmylla á ljósmynd F. ....	50
Mynd 81. Ljósmynd F. 64 metra háar vindmyllur í 1,5 km fjarlægð. Mynd tekin til norðurs frá vegamótum. ....	50
Mynd 82. Viðhorf til vindmylla á ljósmynd A. ....	50
Mynd 83. Ljósmynd A. 80 metra háar vindmyllur í 4 km fjarlægð. Mynd tekin til austurs yfir Bjarnalón. ....	50
Mynd 84. Ljósmynd I. 80 metra háar vindmyllur í 1,5 km fjarlægð. ....	51
Mynd 85. Viðhorf til vindmylla á ljósmynd I. ....	51
Mynd 86. Ljósmynd H. 64 metra háar vindmyllur í 1,5 km fjarlægð. ....	51
Mynd 87. Viðhorf til vindmylla á ljósmynd H. ....	51
Mynd 88. Viðhorf til vindmylla á ljósmynd D. ....	51
Mynd 89. Ljósmynd D. 64 metra háar vindmyllur í 4 km fjarlægð. Mynd tekin til vesturs frá Áfangagili. ....	52
Mynd 90. Viðhorf til vindmylla á ljósmynd C. ....	52
Mynd 91. Ljósmynd C. 80 metra háar vindmyllur í 4 km fjarlægð. Mynd tekin til vesturs frá Áfangagili. ....	52
Mynd 92. Ljósmynd M. 80 metra háar vindmyllur í 1,5 km fjarlægð. ....	52
Mynd 93. Viðhorf til vindmylla á ljósmynd M. ....	52
Mynd 94. Ljósmynd L. 64 metra háar vindmyllur í 1,5 km fjarlægð. ....	53
Mynd 95. Viðhorf til vindmylla á ljósmynd L. ....	53
Mynd 96. Ljósmynd O. 80 metra háar vindmyllur í 4 km fjarlægð. ....	53
Mynd 97. Viðhorf til vindmylla á ljósmynd O. ....	53
Mynd 98. Ljósmynd N. 64 metra háar vindmyllur í 4 km fjarlægð. ....	53
Mynd 99. Viðhorf til vindmylla á ljósmynd N. ....	53
Mynd 100. Samanburður á viðhorfi til vindmylla á ljósmyndum A og B. ....	55
Mynd 101. Ljósmynd A tekin til norðausturs yfir Bjarnalón og sýnir 66 vindmyllur í 80 m hæð í 4 km fjarlægð. ....	55
Mynd 102. Ljósmynd B tekin til norðausturs yfir Bjarnalón og sýnir 87 vindmyllur í 64 m hæð í 4 km fjarlægð. ....	55
Mynd 103. Samanburður á viðhorfi til vindmylla á ljósmyndum C og D. ....	57
Mynd 104. Ljósmynd C tekin frá Áfangagili til vesturs og sýnir 66 vindmyllur í 80 m hæð í 4 km fjarlægð. ....	57
Mynd 105. Ljósmynd D tekin frá Áfangagili til vesturs og sýnir 87 vindmyllur í 64 m hæð í 4 km fjarlægð. ....	57
Mynd 106. Samanburður á viðhorfi til vindmylla á ljósmyndum H og I. ....	58
Mynd 107. Ljósmynd H tekin af Þjóðvegi F26 til suðurs og sýnir þrjár 64 m háar vindmyllur í 1,5 km fjarlægð. ....	58
Mynd 108. Ljósmynd I tekin af Þjóðvegi F26 til suðurs og sýnir þrjár 80 m háar vindmyllur í 1,5 km fjarlægð. ....	58
Mynd 109. Samanburður á viðhorfi til vindmylla á ljósmyndum K og J. ....	59
Mynd 110. Ljósmynd J tekin frá Hólaskógi til austurs og sýnir þrjár 64 metra háar vindmyllur í 1,5 km fjarlægð. ....	59
Mynd 111. Ljósmynd K tekin frá Hólaskógi til austurs og sýnir þrjár 80 metra háar vindmyllur í 1,5 km fjarlægð. ....	59
Mynd 112. Samanburður á viðhorfi til vindmylla á ljósmyndum L og M. ....	60
Mynd 113. Ljósmynd L tekin frá Dómadalsleið til norðurs og sýnir 64 metra háar vindmyllur í 1,5 km fjarlægð. ....	60
Mynd 114. Ljósmynd M tekin frá Dómadalsleið til norðurs og sýnir 80 metra háar vindmyllur í 1,5 km fjarlægð. ....	60
Mynd 115. Samanburður á viðhorfi til vindmylla á ljósmyndum N og O. ....	61
Mynd 116. Ljósmynd N tekin frá Dómadalsleið til norðurs og sýnir 64 metra háar vindmyllur í 4 km fjarlægð. ....	61
Mynd 117. Ljósmynd O tekin frá Dómadalsleið til norðurs og sýnir 80 metra háar vindmyllur í 4 km fjarlægð. ....	61
Mynd 118. Samanburður á viðhorfi til vindmylla á ljósmyndum E, F og G. ....	62

Mynd 119. Ljósmynd E tekin af Þjóðvegi F26 til suðurs og sýnir 64 metra háar vindmyllur í 1,5 km fjarlægð.....	62
Mynd 120. Ljósmynd F tekin frá Dómadalsleið til norðurs og sýnir 64 metra háar vindmyllur í 1,5 km fjarlægð .....	62
Mynd 121. Ljósmynd G tekin frá Hólaskógi til austurs og sýnir 64 metra háar vindmyllur í 1,5 km fjarlægð. ....	62


# Töfluskra

Tafla 1. Róf afþreyingarmöguleika (ROS-flokkun).....	7
Tafla 2. Bakgrunnur ferðamanna sem rætt var við.....	18
Tafla 3. Yfirlit yfir marktækan mun á svörum spurninga um viðhorf til vindmylla í náttúru Íslands og bakgrunnsbreyta rannsóknarinnar.....	32
Tafla 4. Yfirlit yfir marktækan mun á svörum spurninga um fullyrðingar til vindmylla og bakgrunnsbreyta rannsóknarinnar.....	37
Tafla 5. Yfirlit yfir marktækan mun á svörum spurninga um viðhorf til orkugjafa og bakgrunnsbreyta rannsóknarinnar.....	40
Tafla 6. Yfirlit yfir marktækan mun sé á svörum spurninga um viðhorf til landslags á ljósmyndum og bakgrunnsbreyta rannsóknarinnar.....	43
Tafla 7. Yfirlit yfir marktækan mun á svörum spurninga um viðhorf til vindmylla á ljósmyndum og bakgrunnsbreyta rannsóknarinnar.....	54



# 1 Inngangur

Árið 2013 reisti Landsvirkjun tvær vindmyllur í rannsóknarskyni á Hafinu sem er svæði vestan Þjórsár, norðaustur af Búrfelli í Skeiða- og Gnúpverjahreppi (mynd 1). Sú tilraun hefur að mati Landsvirkjunar skilað góðum árangri og hefur Landsvirkjun nú til skoðunar að reisa um 80 vindmyllur með allt að 200 MW orkuvinnslu á svæði beggja vegna Þjórsár sem fengið hefur heitið Búrfellslundur (Mannvit, 2014) og er *lundur* þar þýðing Landsvirkjunar á enska heitinu *farming* í *windfarming*.



Mynd 1. Búrfellslundur – mörk svæðis.

Vindmyllur breyta ásýnd lands og þar með upplifun fólks sem fer um þau svæði þar sem vindmyllur hafa verið reistar. Munur er á upplifun fólks á landslagi eftir því hvort um er að ræða íbúa eða aðkomufólk. Urry, (2002) bendir á að skynjun heimafólks á fegurð lands kemur ekki eingöngu í gegnum það sem það sér heldur byggist upplifun þeirra af landslagi á margvíslegum kynnum þeirra af landinu og þeim tengslum sem það hefur haft við það. Aðkomufólk upplifir landslagið hins vegar fyrst og fremst með því að horfa á það og byggir upplifun þeirra að mestu leyti á fyrstu hughrifum auk ýmissa fyrirfram mótaðra hugmynda þeirra um svæðið. Upplifun er einnig tengd menningu og þeirri merkingu sem sett er á ákveðið landslag og hvaða viðbrögð eru talin viðeigandi af samfélaginu eða samfélagshópum (Cosgrove, 1984).

Rannsóknir á viðhorfum almennings til vindorku í Evrópu sýna flestar jákvætt viðhorf. Með fjölgun vindmylla virðist þetta viðhorf hins vegar vera að breytast, og þá fyrst og fremst vegna sjónrænna áhrifa vindmylla (Ladenburg og Dahlgaard, 2012; Molnarova o.fl., 2012; Wolsink, 2007). Sýnt hefur verið fram á (Wolsink, 2007) að helsta vandamál varðandi nýtingu vindorku felist fyrst og fremst í skipulagningu og dreifingu vindmylla í landslaginu. Skipulag og þróun vindmylla er flókið fyrirbæri, sem í mörgum löndum álfunnar einkennist af hagsmunaaðrekstrum á milli mismunandi hagsmunahópa (Wolsink, 2007). Viðhorf allra hagsmunaaðila og samþykki þeirra á staðsetningu og skipulagningu vindmylla er þannig líklegt að skipta sköpum í því að vel takist til. Þetta er sérstaklega mikilvægt í opnu og berangurslegu landslagi eins og einkennir Ísland og ekki síst fyrir íslenska ferðaþjónustu sem byggir afkomu sína að miklu leyti á slíku landslagi.

Markmið þessarar rannsóknar er að kanna áhrif fyrirhugaðra vindmylla í Búrfellslundi á ferðamenn og viðhorf ferðamanna til virkjunar vindorku á Íslandi. Undirbúningur rannsóknarinnar hófst í apríl 2014 með afmörkun rannsóknarsvæðis og mótun rannsóknaraðferða. Rannsóknin byggir á spurningakönnun sem var lögð fyrir ferðamenn á svæðinu dagana 16. til 22. júlí og 28. júlí til 11. ágúst 2014, og á viðtölum sem tekin voru við fimmtán ferðamenn á sama tíma. Ferðamenn voru spurðir um ferðavenjur, aðdráttarafl svæðisins, viðhorf til landslags, víðerna, vindmylla, orkugjafa, virkjana og annarra mannvirkja. Notaðar voru ljósmyndir af mismunandi landslagsgerðum sem teknar voru á svæðinu, með og án mannvirkja. Inn á nokkrar myndanna var með hjálp myndvinnsluforrits búið að setja inn vindmyllur, mismunandi að stærð og fjölda.


Í upphafi skýrslunnar er fræðilegur rammi verkefnisins kynntur, áhrifasvæði vindmyllanna í Búrfellslundi skilgreint og gerð grein fyrir þeim gögnum og aðferðum sem stuðst er við. Að því loknu eru niðurstöður rannsóknarinnar kynntar og ræddar. Í viðauka eru niðurstöður hvernar spurningar spurningakönnunarinnar greindar eftir öllum helstu bakgrunnsbreytum sem stuðst var við og greint frá hvort um marktækan mun sé að ræða.



## 2 Náttúruferðamennska í nágrenni víðerna

Náttúran er megin aðráttarafl Íslands sem ferðamannalands, en um 80% erlendra ferðamanna koma til landsins vegna hennar (Ferðamálastofa, 2014a). Samkvæmt könnun Ferðamálastofu (2014a) fór rúmlega þriðjungur (36%) erlendra sumargesta inn á hálendið sumarið 2014, og er eftirtektarvert að hálendið virðist vera sérstaklega mikilvægt fyrir ákveðna markhópa, en um 43% Ítala, 39% Þjóðverja, Svisslendinga og Belga, 31% Hollendinga og 30% Frakka heimsóttu hálendið það sumar (Ferðamálastofa, 2014a). Landmannalaugar eru vinsælasti áningarstaður hálendisins en þangað kemur um 15% erlendra ferðamanna. Auk erlendra ferðamanna ferðast Íslendingar einnig um hálendið og fer fjöldi þeirra vaxandi ár frá ári, en um 10% landsmanna heimsóttu hálendið sumarið 2010, um 11% sumarið 2011, um 13% sumarið 2012 og tæp 15% sumarið 2013 (Ferðamálastofa, 2014b).

Suðurláendið er mikilvægasta svæðið á hálendinu fyrir ferðamennsku (Anna Dóra Sæþórsdóttir og Rögnvaldur Ólafsson, 2010a, 2010b, 2010c) en þar eru 77% af öllum skráðum gistinóttum í skálum í óbyggðum eða rúmlega 51 þúsund gistinætur sumarið 2013 (mynd 2). Stafar það af öllum líkindum bæði af einstökum fjölbreytileika landslags og náttúru (Þóra Ellen Þórhallsdóttir, 2002, 2007) og nálægðar við höfuðborgarsvæðið. Í dag er fjölbreytt ferðamennska stunduð á Suðurláendinu. Á milli Landmannalauga og Þórsmerkur liggur t.d. vinsælasta langa gönguleið landsins, Laugavegurinn, en á Suðurláendinu eru einnig fáfarnar gönguleiðir, torfærir jeppaslóðar og reiðleiðir hestamanna (Anna Dóra Sæþórsdóttir og Rögnvaldur Ólafsson, 2012).




Mynd 2. Gistinætur í skálum í óbyggðum 1998-2013, á landinu öllu (rauð lína) og á suðurlhuta hálendisins (blá lína). Heimild: (Hagstofa Íslands, 2015).

Sú ferðamennska sem er stunduð á svæðinu sem fyrirhugaðar vindmyllur í Búrfellslundi myndu mögulega hafa áhrif á er kölluð náttúruferðamennska (*e. nature based tourism*). Náttúruferðamennska er vítt hugtak sem nær yfir ferðalög um náttúrusvæði þar sem megin markmiðið er að upplifa og njóta náttúrunnar (Boyd og Hall, 2005; Fennell, 2008; Fredman og Tyrväinen, 2010; Goodwin, 1996; Weaver, 2008). Náttúruferðamennska nær yfir margar gerðir ferðamennsku, sem endurspeglast vel í eftirfarandi tilvitnun frá Goodwin, (1996):

Encompasses all forms of tourism – mass tourism, adventure tourism, low -impact tours, ecotourism – which use natural resources in a wild or underdeveloped form – including species, habitat, landscape, scenery and salt and fresh – water features. Nature tourism is travel for the purpose of enjoying underdeveloped natural areas or wildlife.

Gæði umhverfisins fyrir náttúruferðamennsku eru gjarnan metin út frá tvennu. Annars vegar út frá því hversu náttúrulegt (*e. naturalness*) umhverfið er og hins vegar út frá því hversu aðgengilegt svæðið er (*e. remoteness*). Hversu náttúrulegt umhverfið er, er metið út frá fegurð, eðlisrænum og líffræðilegum þáttum og eru víðerni venjulega talin mest náttúruleg allra svæða (J.C. Hendee, Stankey og Lucas, 1990; Nash, 2014; Oelschlaeger, 1991; Tuan, 1990). Aðgengileika svæðis er hægt að mæla á ýmsan hátt eins og t.d. með því að meta hve langan tíma tekur að ferðast þangað, eða meta fjarlægð frá ferðaleiðum, eins og vegum. Þessi tvö hugtök, þ.e. hversu náttúrulegt svæði er og hversu

aðgengilegt það er, eru lykilhugtök in í víðernisrófinu (*e. wilderness continuum*) sem Hall (1992) setti fram undir lok tuttugustu aldar um gæði víðerna (mynd 3). Samkvæmt víðernisrófinu aukast gæði



Mynd 3. Víðernisrófið.  
Heimild: Hall, 1992.

víðerna eftir því sem svæði eru náttúrulegri og óaðgengilegri. Framkvæmdir í nágrenni víðerna geta þannig haft töluverð áhrif á víðernin sjálf eða eins og Hendee o.fl. (1990 bls. 190-191) benda á: „*what goes on outside of, but adjacent to, a wilderness can have substantial impacts inside its boundary*”. Lesslie o.fl. (1991 bls. 20) taka undir þetta þegar þau benda á að mikilvægt sé að takmarka framkvæmir á jarðarsvæðum umhverfis víðerni þar sem þau eigi mikilvægan þátt í að viðhalda gæðum víðernanna:

... a development in lesser quality wilderness on the margin of an area of higher quality wilderness will reduce wilderness quality within the higher quality area. The lesson to be drawn from this is that areas of lower quality wilderness which fringe areas of high quality are important in maintaining these quality areas. In order to ensure protection of wilderness quality, a wilderness management area therefore must include all marginal areas.

Aðdráttarafl náttúruskoðunarstaða er margs konar og ferðamenn hafa ólíkar óskir og kröfur til þeirra svæða sem þeir ferðast um. Sumum ferðamönnum finnast breytingar á náttúruskoðunarstöðum ekki tiltökumál, hvort sem um er að ræða virkjanir og meðfylgjandi mannvirki, uppbyggingu gististaða, vega eða aukna þjónustu. Slíkar breytingar geta hins vegar spilt upplifun annarra á staðnum, jafnvel það mikið að þeir hætti að koma á staðinn (Rannveig Ólafsdóttir, Anna Dóra Sæþórsdóttir og Micael Runnström, 2015). Ferðamenn hafa þannig ólíkar skoðanir á því hvaða aðstaða og uppbygging er æskileg, bæði almennt og á hverjum stað og er ljóst að ekki er mögulegt að gera öllum til hæfis alls staðar. Við skipulagningu ferðamennsku á víðernum og náttúruverndarsvæðum í Norður-Ameríku og á Norðurlöndunum hefur verið farin sú leið að greina ferðamenn í hópa út frá viðhorfum þeirra til umhverfis og eiginleika ferðamannastaða. Sérstakt mælitæki hefur verið þróað til þess, svokallaður viðhorfskvarði (*e. purist scale*), þar sem ferðamenn eru greindir í eindregna náttúrusinna (*e. strong purist*), náttúrusinna (*e. purist*), almenna ferðamenn (*e. neutralist*) og þjónustusinna (*e. urbanists*) (Anna Dóra Sæþórsdóttir, 2007; Fredman og Emmelin, 2001; J.C. Hendee, Catton, Marlow og Brockman, 1968; John C. Hendee og Stankey, 1973; Vistad, 1995; Wallsten, 1988). Þessir hópar upplifa náttúruna á mismunandi hátt og gera ólíkar kröfur til umhverfisins sem þeir ferðast um. Náttúrusinnar eru viðkvæmir fyrir allri röskun á umhverfinu, þeir vilja ekki merkingar slóða, skipulögð tjaldsvæði eða nokkur mannvirki og vilja hafa sem fæsta aðra ferðamenn þar sem þeir ferðast. Upplifun þjónustusinna skerðist ekki þótt einhver mannvirki séu á svæðinu, þeir vilja að göngustígar og skoðunarverðir staðir séu merktir og þótt þar séu aðrir ferðamenn rýrir það ekki upplifun þeirra. Skoðanir almennra ferðamanna eru þarna á milli og þeir hafa blandaðar skoðanir á þessum atriðum. Í þessari rannsókn er farin sú leið að greina ferðamenn í fyrrnefnda hópa með hliðsjón af viðhorfskvarðanum (kafli 5.5).

Rannsóknir sýna (Anna Dóra Sæþórsdóttir, 2010b, 2013; Anna Dóra Sæþórsdóttir og Gyða Þórhallsdóttir, 2013) að mati flestra ferðamanna sem heimsækja hálendi Íslands felst aðdráttarafl hálendisins fyrst og fremst í „ósnortnum“ víðernum ásamt ýmsum eiginleikum náttúrunnar eins og fegurð, landslagi, útsýni og fjölbreytileika. Flestir ferðamenn vilja hafa einfaldar aðstaður þegar þeir ferðast um hálendið og eru almennt ekki hlyntir mannvirkjum þar að undanskyldum fjallaskálum. Mest er andstaðan gegn virkjunum, næst mest gegn bensínstöðvum og hótélum, því næst veitingastöðum, heilsársvegum, bundnu slitlagi, gestastofum, uppbyggðum malarvegum og akbrúm yfir vatnsföll. Ferðamenn á hálendinu vilja enn fremur ekki auka munað með því að reisa hótél eða gistiheimili á öræfunum.

Bætt aðgengi inn á hálendið hefur verið einn af fylgifyrirkjörum virkjana, en á byggingartíma þeirra þarf oftast að bæta vegi, byggja nýja vegi og brýr. Bætt aðgengi leiðir til þess að

ferðamönnum fjölga, sem hefur áhrif á þolmörk hálandisins gagnvart þeirri ferðamennsku sem þar er stunduð í dag. Náttúrulegt umhverfi getur farið að láta á sjá, stundum svo mikið að aðdráttarafl þess minnkar, en þá er þolmörkum umhverfisins náð. Eftir því sem ferðamönnum hefur fjölgað á víðernum landsins hefur þurft að byggja upp aðstöðu og bæta innviði, en við það minnka gæði víðernanna að mati náttúrusinna. Aukinn fjöldi ferðamanna hefur áhrif á ferðamenn og getur dregið úr ánægju þeirra, jafnvel það mikið að þeir hætta að heimsækja staðinn. Þá breytist samsetning gestahópsins og fækkar í hópi náttúrusinna en nýr notendahópur þjónustusinna getur komið í staðinn. Þessa þróun hefur mátt greina í Landmannalaugum undanfarin áratug en viðhorf ferðamanna þar er töluvert frábrugðið viðhorfi annarra ferðamanna á hálandinu þar sem gestir Landmannalauga eru mun hlynntari hvers kyns mannvirkjum en ferðamenn á öðrum stöðum (Anna Dóra Sæþórsdóttir, 2013).

Ein af þeim aðferðum sem hefur verið notuð erlendis í stefnumótunar- og skipulagsvinnu í þjóðgörðum og víðernum er afþreyingarrófið (*e. recreation opportunity spectrum*). Þá eru útivistarsvæði flokkuð í fimm flokka eftir því hversu náttúrulegt eða manngert umhverfi þeirra er (tafla 1) og hefur hver flokkur ákveðin þolmörk. Í aðferðinni er gert ráð fyrir mismikilli uppbyggingu eftir því hvers konar ferðamennska hentar náttúrulegu umhverfi hvers staðar og eftir þeirri upplifun sem leitast er eftir að bjóða ferðamönnum (John C. Hendee og Stankey, 1973; Wallsten, 1988). Afþreyingarrófið er þannig notað í skipulagsvinnu til að setja eitt svæði, eða hluta þess, á kerfisbundinn hátt í stærra samhengi. Hvert útivistarsvæði er skoðað í samhengi við önnur svæði í „rófi afþreyingarmöguleika“. Mikilvægt er að stærri svæði, eins og t.d. heilt land, hafi sem fjölbreyttasta flokka upp á að bjóða og geti höfðað til sem flestra. Einnig er mikilvægt að geta boðið upp á flokk sem fá önnur lönd hafa upp á að bjóða og höfða þannig til ákveðins markhóps (Anna Dóra Sæþórsdóttir, 2010a; Anna Dóra Sæþórsdóttir, Rannveig Ólafsdóttir og Rögnvaldur Ólafsson, 2007).

Tafla 1. Róf afþreyingarmöguleika (ROS-flokkun).  
Heimild: Byggt á McCool, Clark og Stankey, (2007)

Ros-flokkun	Víðerni	Lítt snortið	Lítt snortið	Náttúrulegt	Dreifibýli
		Engin vélknúin umferð	Vélknúin umferð leyfð	Vegir	
Lýsing á landslagi	Víðáttumikið ósnortið svæði. Eingöngu mannvirki nauðsynleg vegna náttúruverndar. Engin þjónusta við almenning.	Meðalstórt svæði, að mestu ósnortið. Aðstaða fyrir náttúruvernd og gætt að öryggi vegfarenda.	Meðalstórt svæði, lítt ósnortið. Aðstaða fyrir náttúruverndarstarfsemi og öryggi vegfarenda.	Náttúrulegt umhverfi. Nýting náttúruauðlinda í samræmi við umhverfið. Töluverð aðstaða fyrir vegfarendur.	Mannvistarlandslag. Nýting náttúruauðlinda auðsýnileg. Aðstaða og þjónusta fyrir mikinn fjölda notenda.
Umferð vélknúinna farartækja	Bönnuð	Almennt ekki leyfð	Leyfð	Töluverð umferð	Mikil umferð
Fjöldi ferðamanna	Fáir gestir				Margir gestir

Þegar lagt er mat á áhrif stórframkvæmda á við virkjanir og meðfylgjandi mannvirki á ferðamennsku þarf að hafa í huga að ferðamennska er flókið fyrirbrigði og samanstendur af ótal mismunandi þáttum og atriðum sem getur verið erfitt að skilgreina á einhlítan hátt sem og tengingarnar á milli þeirra (Baggio, 2008). Fræðimenn hafa reynt að greina þetta flókna fyrirbrigði ferðamennsku og breytingar sem á henni verða og móta aðferðir til þess. Algeng aðferð sem er beitt til að skilja ferðamennsku, þróun ferðamannastaða og helstu áhrifaþætti er kerfisgreining (*e. systems analysis*) (Anna Dóra Sæþórsdóttir og Rögnvaldur Ólafsson, 2010a, 2010b, 2010c; C.M. Hall, 2005, 2008; C.M. Hall og Page, 2002; Leiper, 1990; McLennan, Ruhanen, Ritchie og Pham, 2012). Þá er litið á ferðamennsku sem kerfi sem sé samsett úr mörgum einingum (*e. elements*). Mikilvægustu einingarnar eru ferðamennirnir, ferðaþjónustan og það umhverfi eða svæði sem ferðast er um, en einnig þættir í umhverfinu eins og mannvirki, náttúruvirkirbrigði og einnig gjörólík atriði eins og löggjöf og fjármálakerfi af ýmsu tagi sem hafa áhrif á ferðamenn, ferðalagið og upplifun á ferðalaginu. Kerfi ferðamennsku er því flókið og það fer t.d. töluvert eftir hvaða einingar á að skoða og hve djúpt á að rýna í þær hvernig það lítur út, en það má hugsa sér kerfið samsett úr lögum af kerfum þar sem grófasta kerfið er efst en fingerðari kerfi neðar í pýramídanum og það sem er eining í einu kerfi getur verið kerfi neðar í pýramídanum, allt eftir því í hve djúpt er rýnt í kerfið (C.M. Hall og Lew, 2009). Áfangastaður er dæmi um þetta og fer það eftir því hve grannt er skoðað hvort hann er einstakur staður, hérað, svæði, ríki eða heil álfa, það getur verið breytilegt og fer eftir hvað er verið að skoða hverju sinni. Áfangastaður er hins vegar ekki einungis landfræðilegur staður sem er skilgreindur með landamerkjum,

sveitarfélagsmörkum eða öðru slíku, heldur er hann samsettur úr ótal einingum eða atriðum af mismunandi tagi sem fólk upplifir sem einhvers konar heild og sem áfangastað. Áfangastaður getur því orðið til fyrir tilstuðlan stjórnsýslueininga, en einnig vegna ólíkra hefða, ferðahegðunar og annars slíks og hann getur tekið breytingum eftir viðfangsefninu, eða út frá hverju, eða hverjum, viðfangsefnið er skoðað (Saarinen, 2004).

Með hliðsjón af þessu hafa ferðamannastaðir verið flokkaðir í áfangastaði (*e. primary destination*) og viðkomustaði (*e. secondary / stopover destination*) (Mill og Morrison, 2012). Áfangastaðir eru staðir sem státa af nógu sterku aðdráttarafla til þess að ferðamenn leggi leið sína þangað og eru nógu áhugaverðir til að þeir dvelji þar í nokkra daga. Viðkomustaður er hins vegar staður sem verður á vegi ferðalanga á leið þeirra til áfangastaðar. Ferðamenn hafa þar almennt styttri viðdvöl en á áfangastöðum. Sumir staðir geta verið bæði áfangastaðir og viðkomustaðir fyrir mismunandi markhópa (Anna Dóra Sæþórsdóttir og Rögnvaldur Ólafsson, 2012).

### 3 Áhrifasvæði Búrfellslundar á ferðmenn

Eins og áður segir er fyrirhugaður Búrfellslundur staðsettur norðaustan við Búrfell (sjá mynd 1). Um er að ræða svæði sem er um 34 km<sup>2</sup> að stærð og einkennist af hraun- og sandsléttu beggja vegna Þjórsár. Austan Þjórsár tilheyrir svæðið Rangárþingi ytra og vestan Þjórsár Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Svæðið er einsleitt og fremur flatt, og þar er landrými fyrir þær 80 vindmyllur sem þarf til að framleiða allt að 200 MW af orku. Þetta svæði er að mati Landsvirkjunar talið mjög hentugt til framleiðslu vindorku (Mannvit, 2014). Langtíma veðurmælingar sýna að vindur er þarna nokkuð stöðugur og öflugur en því valda landfræðilegar aðstæður þar sem vindstrengur streymir ofan af hálandinu og magnast upp á milli Næfurholtsfjalla og Búrfells. Þá telur Landsvirkjun hagræði vera í því að hafa vindmyllur staðsettar nálægt núverandi vatnsaflsvirkjunum þar sem stutt er í tengivirki þannig að auðvelt sé að tengjast inn á núverandi dreifikerfi raforkunnar. (Mannvit, 2014). Landsvirkjun rekur nú þegar sex vatnsaflsvirkjanir á Þjórsár-Tungnaásvæðinu og eru fyrirhugaðar vindmyllur í Búrfellslundi því að hluta til inni á orkuvinnslusvæði sem óhjákvæmilega hefur orðið fyrir raski í gegnum árin. Búrfellslundur teygir sig hins vegar austur fyrir Þjórsá að Sölvahrauni og í átt að Áfangagili, en það svæði er í dag svo til mannvirkjalaust að undanskyldum malarvegum auk vikurnáma. Eðli og sýnileiki vindmyllanna er töluvert frábrugðinn þeim mannvirkjum sem eru á svæðinu vegna vatnsaflsvirkjananna. Þau mannvirki sem eru á svæðinu vegna vatnsaflsvirkjana eru t.d. stíflur, veituskurðir, lokuvirki, raflínur, tengivirki, afstöðvar sem eru að mestu byggðar inn í landslagið og malbikaðir vegir. Enn fremur er vatni miðlað um uppistöðulónin Þórisvatn, Hágöngulón og Kvíslaveitu auk þess sem minni miðlunarmannvirki eru við hverja virkjun, eins og t.d. Krókslón, Sultartangelón, Bjarnarlón, Hrauneyjalón og Vatnsfellslón.

Þjóðleiðin um Þjórsárdal er uppbyggður malbikaður vegur sem liggur í gegnum fyrirhugaðan Búrfellslund að vestanverðu. Hún tengist meðal annars Sprengisandsleið rétt við hálandishótelid í Hrauneyjum. Þaðan liggja einnig leiðir inn á vinsæla áfangastaði hálandisins eins og Landmannalaugar og Veidivötn. Á svæði Búrfellslundar austan Þjórsár eru hins vegar malarvegir. Í jaðri Búrfellslundar að sunnanverðu liggur Dómadalsleið til austurs um norðurjaðar Heklu og inn á Friðland að Fjallabaki þar sem hún tengist inn á Fjallabaksleið nyrðri. Rétt við fyrirhugaðan Búrfellslund eru auk Hrauneyja gististaðirnir Hólaskógur og Áfangagil.

Í 2. áfanga Rammaáætlunar um vernd og nýtingu náttúrusvæða með áherslu á vatnsafl og jarðhita var lagt mat á áhrif virkjanamöguleika á ferðamennsku og útivist. Þar voru skilgreindar tvær gerðir svæða sem áhrif virkjana og meðfylgjandi mannvirki ná til, annars vegar

*framkvæmdasvæði* og hins vegar *áhrifasvæði* (Anna Dóra Sæþórsdóttir og Rögnvaldur Ólafsson, 2010a, 2010b, 2010c). *Framkvæmdasvæði* er skilgreint sem sjálft virkjunarsvæðið með tilheyrandi mannvirkjum. Bein áhrif fyrirhugaðra framkvæmda við Búrfellslund verða þannig á svæðið þar sem vindmyllurnar verða reistar ásamt meðfylgjandi vegslóðum, jarðstrengjum og tengivirkjum. Þá verða eflaust áhrifa vart vegna efnistöku í tengslum við framkvæmdirnar, sérstaklega ef notast verður við nýja efnistökuastaði. Auk þeirra vega sem fyrir eru þarf að leggja aðkomuvegi að hverri vindmyllu sem koma til með að gegna hlutverki þjónustu- og viðhaldsvega til framtíðar, auk þess sem byggja þarf plan undir sjálfar vindmyllurnar (Mannvit, 2014).

*Áhrifasvæði* nær langt út fyrir framkvæmdasvæðið þar sem ferðamenn, eðli málsins samkvæmt, ferðast frá einum stað til annars og það sem þeir sjá og upplifa á einum stað hefur áhrif á upplifun þeirra af ferðalaginu í heild sinni. Stærð áhrifasvæðisins ræðst af samgöngukerfinu, ferðahegðun ferðamanna ásamt markaðssetningu og kynningu á svæðinu og er að öllu jöfnu mun umfangsmeira en framkvæmdasvæðið (Anna Dóra Sæþórsdóttir og Rögnvaldur Ólafsson, 2010a, 2010b, 2010c). Vindmyllurnar mun sjást víða af (mynd 4). Þeir sem aka munu um Þjórsárdalsveg (nr. 32) ofan Búrfells, Landveg (nr. 26) á móts við Heklu, Dómadalsleið vestan Valahnjúka og að norðan á móts við Hrauneyjar munu koma til með að sjá vindmyllurnar í Búrfellslundi. Þetta þýðir að allir ferðamenn sem eru á leið um Sprengisandsleið eða Fjallabak munu sjá vindmyllurnar og á nokkra kílómetra kafla muna þeir þurfa að aka í gegnum vindmyllusvæðið.

Í Búrfellslundi sjálfum verður ekki mikið um viðkomustaði ferðamanna en eitthvað er um að ferðamenn stoppi við vegamót Dómadals- og Landvegar sem eru alveg í suður jafri fyrirhugaðs Búrfellslundar. Þar er vinsælt að taka myndir af Heklu og þar hefur verið komið fyrir nokkrum upplýsingaskiltum fyrir ferðamenn. Tröllkonuhlaup og Fossabrekkur eru einnig viðkomustaðir sumra sem fara um þessar slóðir og munu vindmyllurnar sjást glögg frá báðum þessum stöðum. Einnig má geta þess að frá algengasta uppgöngustað á Heklu mun fyrirhugaður Búrfellslundur blasa við úr vestri. Vindmyllurnar munu einnig sjást frá Hólaskógi með Heklu í bakgrunni sem og frá Áfangagili. Á báðum þessum stöðum hefur nokkur fjöldi ferðamanna viðdvöl og eru þeir vinsælir gististaðir, sérstaklega hjá göngu- og hestamönnum. Þeir eru margir hverjir á leið á milli þessara tveggja staða og munu þurfa að fara í gegnum Búrfellslund á þeirri leið. Þá er nokkur fjöldi göngumanna sem gengur svokallaða Hellismannaleið en sjónræn áhrif frá vindmyllunum í Búrfellslundi munu fylgja þeim stóran hluta leiðarinnar. Vindmyllurnar munu einnig sjást af Háafossvegi (nr. 332) en þó nokkur fjöldi ferðamanna leggur leið sína að Háafossi og sumir aka áfram línuleiðina sem liggur vestur að Gullfoss. Áhrif vindmyllanna á ferðamennsku og útivist koma til með að vera mest þar sem þessara sjónrænu áhrifa mun gæta, en sökum eðlis



ferðamennsku verður áhrifasvæðið mun stærra. Með hliðsjón af þessu mun áhrifasvæði vindmylla í Búrfellslundi ná að sunnan frá Þjórsárdal (t.d. Gjáin, Þjóðveldisbærinn, og Rjúpnaveilir), norður Sprengisandleið, austur að Skaftá (t.d. Landmannalaugar, Fjallabak, Hekla, Veidivötn, Eldgjá og Hólaskjól) og vestur um línuveginn að Gullfossi í Hvítá.

Vindmyllurnar koma einnig til með að sjást langt að í myrki vegna áhrifa af flugöryggisljósum sem yrðu sett upp á vindmyllurnar (Mannvit, 2014). Þessar tegundir vindmylla sem Landsvirkjun hefur hug á að láta reisa í Búrfellslundi eru tiltölulega lágværar. Vetrarferðamennska fer ört vaxandi hér á landi en þá eru sjónræn áhrif vindmyllanna töluvert önnur. Ef myllurnar yrðu hvítar þá munu þær t.d. sjást af mun afmarkaðra svæði en á sumrin.



## 4 Gögn og aðferðir

### 4.1 Spurningakönnun

#### 4.1.1 Afmörkun þýðis og val á úrtaki

Kannanir sem byggja á spurningalistum er ein helsta rannsóknaraðferð sem notuð er í rannsóknum á ferðamennsku (Dolnicar, 2013). Þær henta mjög vel þegar safna skal upplýsingum um einkenni ferðamanna, ferðahegðun, t.d. ferðamáta, ferðafélaga, afþreyingu, ánægjustig og öðrum upplýsingum um viðhorf og skoðanir fólks (McLafferty, 2010; Veal, 2011). Lykilatriði í rannsóknum sem byggja á spurningakönnunum er að skilgreina þýðið (þ.e. alla þá sem yrðu fyrir áhrifum af völdum framkvæmdarinnar) og velja úrtak þannig að það endurspegli þýðið. Það getur hins vegar oft verið vandasamt að afmarka þýðið og að velja óbjagað úrtak. Þeir sem mynda þýðið í þessari rannsókn eru allir þeir ferðamenn munu sjá vindmyllurnar í Búrfellslundi þegar þeir eru að ferðast um svæðið. Ákjósanlegast hefði verið að stöðva alla þá sem eiga leið um framkvæmdasvæðið og leggja fyrir þá spurningalista. Fæstir ferðamenn eru hins vegar reiðubúnir til að stoppa á ferð sinni um þjóðvegi landsins til að svara spurningum rannsakenda. Það er þannig erfitt að ná til ferðafólks nema þar sem það stoppar á ákveðnum viðkomustöðum. Þar sem fátt er um viðkomustaði í næsta nágrenni við Búrfellslund, var rannsakendum nokkur vandi á höndum varðandi val á úrtökustöðum. Varð niðurstaðan sú að dreifa spurningalistunum að degi til á þremur stöðum, þ.e. í Hálendismiðstöðinni í Hrauneyjum, við gatnamót Landvegar og Dómadalsleiðar og við rannsóknarvindmyllurnar tvær norðan Búrfells (mynd 4). Gerði upphafleg áætlun ráð fyrir að dvalið yrði eina viku á hverjum stað. Fljótlega kom í ljós að mjög fáir stoppuðu við rannsóknarvindmyllurnar og var því ekki talið vænlegt til árangurs að staðsetja rannsakanda þar í heila viku. Einnig var misjafnt hversu fúsir ferðamenn voru til að stoppa og svara spurningalistum við Dómadalsafleggjara og réði veður þar mestu, en í góðu veðri tók fólk vel í að svara en illa þegar verr viðraði. Loks kom í ljós að nokkur fjöldi ferðamanna dvaldi í Hólaskógi og var þeim viðkomustað því bætt við. Niðurstaðan varð því sú að Hálendismiðstöðin í Hrauneyjum varð nokkurs konar miðstöð rannsakenda að degi til. Var að minnsta kosti einn rannsakandi þar yfir daginn, á meðan hinn var við Dómadalsafleggjara, þegar veður leyfði og þá daga sem rannsakandi var ekki við vindmyllurnar. Á kvöldin heimsóttu rannsakendur gististaðina Áfangagil og Hólaskóg og lögðu spurningalista fyrir þá sem þar gistu. Spurningalistum var dreift í þrjár vikur; 16. til 22. júlí og 28. júlí til 11. ágúst. Endanleg stærð úrtaksins var 1351 svar sem er fullnægjandi til að meta viðhorf ferðamanna á þessu svæði.

Upphaflega stóð einnig til að dreifa spurningalistum og taka viðtöl við ferðamenn sem ferðast um svæðið á veturna. Veðrið veturinn 2015 var hins vegar óvenju rysjótt, oft slæmt og ekki ferðafært. Samkvæmt staðarhaldara í Hrauneyjum voru mjög fáir á ferðinni og því ekki um auðugan garð að gresja til að ná í nothæft úrtak fyrir rannsóknina. Niðurstaðan varð því sú að falla frá þessum hluta rannsóknarinnar.

#### 4.1.2 Uppbygging spurningalista og úrvinnsla könnunar

Hannaður var spurningalisti sem samanstóð af 29 spurningum, margar hverjar í nokkrum liðum (viðauki II). Til þess að ná til sem flestra ferðamanna voru spurningalistarnir gerðir á fjórum tungumálum, þ.e. íslensku, frönsku, þýsku og ensku. Auk þess voru spyrlar með kort af svæðinu þar sem Búrfellslundur var sýndur ásamt helstu örnefnum (viðauki III) svarendum til glöggvunar. Flestar spurningarnar voru lokaðar fjölvalsspurningar þar sem stuðst var við svokallaðan Likert kvarða á bilinu 1 til 5. Nokkrar spurningar voru opnar þar sem svarendur gátu svarað með sínum eigin orðum. Flokka má efni spurninganna í eftirfarandi sjö flokka:

1. Almennar bakgrunns spurningar um aldur, kyn, búsetu og fleira.
2. Spurningar sem varða dvöl á svæðinu, t.d. upplifun, aðdráttarafl og ánægju.
3. Spurningar til að raða ferðamönnum á svokallaðan viðhorfskvarða (*e. Purist scale*) og greint þá í náttúrusinna, almenna ferðamenn og þjónustusinna.
4. Spurningar um viðhorf til innviða, bæði innviða sérstaklega ætlaða ferðamönnum sem og virkjana og mannvirkjum þeim tengdum.
5. Spurningar sem varða viðhorf til vindmylla og áhrif þeirra á umhverfið.
6. Spurningar um umhverfismál og orkugjafa.
7. Spurningar um viðhorf til landslags þar sem stuðst er við ljósmyndir af svæðinu frá mismunandi sjónarhornum.

Varðandi síðasta flokkinn, þá var ferðamönnum sýndar 21 ljósmynd. Sex þeirra voru af landslagi og mynduðu þær þrjú myndapör með og án mannvirkja. Á fimmtán ljósmyndanna var búið að setja inn vindmyllur með myndvinnsluforriti. Ljósmyndirnar fimmtán mynduðu sjö myndapör/syrpur með mismunandi fjölda vindmylla og af ólíkri hæð (annars vegar er um að ræða 66 vindmyllur sem ná í 80 m hæð og hins vegar 87 vindmyllur sem ná í 64 m hæð), í mismunandi fjarlægð (annars vegar 1,5 km og hins vegar 4 km) og í mismunandi landslagi.

Myndapörin/syrpurnar eru eftirtaldar:

- 1) Ljósmynd A tekin til norðausturs yfir Bjarnalón og sýnir 80 metra háar vindmyllur í 4 km fjarlægð.  
Ljósmynd B tekin til norðausturs yfir Bjarnalón og sýnir 64 metra háar vindmyllur í 4 km fjarlægð.
- 2) Ljósmynd C tekin frá Áfangagili til vesturs og sýnir 80 metra háar vindmyllur í 4 km fjarlægð.  
Ljósmynd D tekin frá Áfangagili til vesturs og sýnir 64 metra háar vindmyllur í 4 km fjarlægð.
- 3) Ljósmynd N tekin frá Dómadalsleið til norðurs og sýnir 64 metra háar vindmyllur í 4 km fjarlægð.  
Ljósmynd O tekin frá Dómadalsleið til norðurs og sýnir 80 metra háar vindmyllur í 4 km fjarlægð.
- 4) Ljósmynd H tekin af Þjóðvegi F26 til suðurs og sýnir 64 metra háar vindmyllur í 1,5 km fjarlægð.  
Ljósmynd I tekin af Þjóðvegi F26 til suðurs og sýnir 80 metra háar vindmyllur í 1,5 km fjarlægð.
- 5) Ljósmynd J tekin frá Hólaskógi til austurs og sýnir 64 metra háar vindmyllur í 1,5 km fjarlægð.  
Ljósmynd K tekin frá Hólaskógi til austurs og sýnir 80 metra háar vindmyllur í 1,5 km fjarlægð.
- 6) Ljósmynd L tekin frá Dómadalsleið til norðurs og sýnir 64 metra háar vindmyllur í 1,5 km fjarlægð.  
Ljósmynd M tekin frá Dómadalsleið til norðurs og sýnir 80 metra háar vindmyllur í 1,5 km fjarlægð.
- 7) Ljósmynd E tekin af Þjóðvegi F26 til suðurs og sýnir 64 metra háar vindmyllur í 1,5 km fjarlægð.  
Ljósmynd F tekin frá Dómadalsleið til norðurs og sýnir 64 metra háar vindmyllur í 1,5 km fjarlægð.  
Ljósmynd G tekin frá Hólaskógi til austurs og sýnir 64 metra háar vindmyllur í 1,5 km fjarlægð.

#### 4.1.3. Hugtakið svæði

Á spurningalistanum voru nokkrar spurningar sem innihéldu orðið svæði:

- Hvernig upplifir þú svæðið?
- Hvert er aðdráttarafl svæðisins?
- Finnst þér „ósnoartin víðerni“ vera hluti af aðdráttarafli svæðisins?
- Komstu á þetta svæði til að upplifa „ósnoartin víðerni“?
- Hversu mikilvæg eru eftirfarandi atriði fyrir þig á ferðalagi þínu á svæðinu?
- Hefur þú ferðast áður um þetta svæði?
- Tókst þú eftir vindmyllunum tveimur á ferð þinni um svæðið?
- Hefðu 80 vindmyllur í Búrfellslundi áhrif á hvort þú myndir ferðast um svæðið?

Hugtakið *svæði* og sú misjafna merking sem ferðamenn leggja í það er vel þekkt vandamál í rannsóknum sem þessari (C.M. Hall og Page, 2014). Í þessari rannsókn á áhrifum vindmylla í Búrfellslundi á ferðamenn var ekki um að ræða lögformlega skilgreint svæði eins og t.d. friðlandsmörk eða mörk sveitarfélags. Ekki dugar heldur að sýna kort sem eingöngu sýnir Búrfellslund sjálfan því þá vantar tilvísun í aðra staði í nágrenninu og fæstir svarendur myndu átta sig á hvar svæðið væri. Einnig hafa mannvirki eins og vindmyllur ekki bara áhrif á ferðamenn nákvæmlega á þeim punkti sem mannvirkin eru staðsett heldur teygja áhrifin sig víðar eins og

greint var frá í kafla 3 hér að framan. Ferðamenn ferðast frá einum stað til annars og upplifa ferðalag sitt sem eina heild yfir misjafnlega stór svæði. Og til að gera málið flóknara, þá getur upplifun ferðmanna á einum stað haft áhrif á upplifun þeirra af mun stærra svæði. Þá er þekking ferðamanna á umhverfinu mjög misjöfn sem hefur enn fremur áhrif á upplifun þeirra á náttúrunni (t.d. Castree, 2005; Castree og Braun, 2001; Demeritt, 1998). Gera má ráð fyrir því að ferðamenn sem eru í sinni fyrstu heimsókn á ákveðnu svæði viti minna um umhverfi þess svæðis sem þeir ferðast um en þeir sem hafa ferðast um það í áratugi.

Í þessari rannsókn var notast við kort sem þátttakendum var sýnt á meðan þeir svöruðu spurningalistunum og einnig á meðan á viðtölunum stóð (viðauki III). Á kortinu var sýnt hvar svarendur voru staddir þegar þeir svöruðu auk þess sem afmörkun á Búrfellslundi var sýnd. Á kortinu voru einnig sýndar þær sex vatnsaflsvirkjanir sem eru nú þegar á vatnasviði Þjórsár og Tungnaár. Á kortinu voru einnig sýndir helstu gististaðir í nágrenninu þ.e. Áfangagil, Hólaskógur, Landmannahellir og Landmannalaugar og hluti af mörkum Friðlands að Fjallabaki. Afmörkun kortsins náði því suður fyrir Heklu og Landmannalaugar, vestur fyrir Búrfellsvirkjun, norður fyrir Búðarhálsvirkjun og austur fyrir Vatnsfellsvirkjun, Landmannalaugar og friðlandsmörkin. Þrátt fyrir þessa afmörkun á „svæðinu“ þá er staðreyndin sú að sumt fólk á erfitt með að lesa kort, þekkir ekki staðhætti eða skoðar kortið ekki vel. Því er mjög líklegt að þegar ferðamenn svara fyrrnefndum spurningum um svæði að þá séu þeir ekki að vísa til þess svæðis sem kortið nær yfir sem fylgdi rannsókninni heldur er hver og einn með sitt hugarkort og svarar út frá því.

#### 4.1.3 Úrvinnsla könnunar

Að lokinni gagnasöfnun voru gögnin greind með hjálp tölfræðiforritsins SPSS. Niðurstöðurnar eru kynntar með lýsandi tölfræði (t.d myndir, hlutföll, meðaltöl og staðalfrávik) og sem ályktunartölfræði til að kanna hvort um marktækan mun sé að ræða á milli mismunandi hópa. Í meginmáli skýrslunnar er fyrst og fremst greint frá niðurstöðum lýsandi hluta tölfræðinnar fyrir utan umfjöllun þar sem bornar eru saman niðurstöður á viðhorfum ferðamanna til landslags og mannvirkja í landslaginu sem og viðhorfum ferðamanna til vindmylla eftir fjölda, hæðar og landslags. Aðrar niðurstöður ályktunartölfræðinnar er að finna í viðauka skýrslunnar. Í ályktunartölfræðinni er annars vegar notast við t-próf ef um var að ræða mun á milli tveggja hópa, eins og til dæmis á milli kynja. Hins vegar er notast við einhliða dreifigreiningu (e. *One – way ANOVA*) með Post Hoc prófunum Gabriels og Hochbers, GT2 þegar um var að ræða fleiri en tvo hópa eins og t.d þjóðerni en slík próf henta vel til að greina mun á milli hópa með ólíkum fjölda (Field, 2013). Notast er við 5% marktækt, það er að marktækur munur er á milli hópa ef p-gildi er undir 0,05.



## 4.2 Viðtalskönnun

Spurningalistakannanir gefa yfirborðsþekkingu á fyrirbærinu sem verið er að skoða en veita takmarkaða dýpt og skilning á hvað liggur að baki skoðunum fólks. Til þess að veita upp á móti því voru að auki í þessari rannsókn tekin hálfstöðluð viðtöl (*e. semi-structured interview*) sem er ein mest notaða eigindlega aðferðin (*e. qualitative research method*) (Braun og Clarke, 2013; Kitchin og Tate, 2000). Með viðtölunum er hægt að kafa dýpra í viðhorf ferðamanna og henta þau því vel með spurningalistakönnunum (Longhurst, 2010). Í hálfstöðluðum viðtölum styðst rannsakandi við fyrirfram ákveðnar spurningar sem hann vill fá svör við og fléttar þær inn í viðtalið. Viðtölin geta farið vítt og breitt og jafnvel út fyrir efnið, því spurningarnar eru ekki spurðar í ákveðinni röð eins og markmiðið er í stöðluðum viðtölum (*e. structured interviews*). Viðtölin voru öll hljóðrituð og afrituð að því loknu. Þau voru síðan greind og kóðuð til frekari úrvinnslu. Þær tilvísanir sem birtar eru í skýrslunni hafa verið örlítið hreinsaðar, t.d. hefur stam og hik verið lagfært auk þess sem aukaorðum eins og bara, sko og hérna hefur verið fækkað.

Viðtölin við ferðamenn voru tekin í Hálendismiðstöðinni í Hrauneyjum og í Áfangagili af Guðmundi Björnssyni. Voru ferðamenn spurðir hvers vegna þeir ferðuðust um svæðið, hvað það væri sem heillaði þá og um upplifun þeirra á svæðinu. Jafnframt voru þeir spurðir um viðhorf sitt til landslags, vindmylla almennt og fyrirhugaðra vindmylla á svæðinu. Voru notaðar sömu ljósmyndir og í spurningalistanum (sjá viðtalsramma í viðauka IV). Við val á viðmælendum var leitast eftir að fá sem mesta breidd í hóp viðmælenda. Þeir voru þannig valdir út frá þjóðerni, dvalarlengd, kyni og eftir því hvort þeir voru í hópferð eða á eigin vegum. Alls var rætt við fimmtán ferðamenn, ellefu erlenda ferðamenn frá sjö löndum og fjóra íslenska (tafla 2). Viðtöl við erlendu ferðamennina fóru fram á ensku. Erlendu ferðamennirnir voru allir frá Evrópu fyrir utan tvo sem voru frá Bandaríkjunum. Rætt var við þrjá Svisslendinga, tvo Belga, tvo Ítala, einn Þjóðverja og einn Spánverja. Þar sem vitnað er í viðtölin er það tungumál sem þau voru tekin á látið halda sér. Íslensku ferðamennirnir voru frá Reykjavík og Akureyri. Viðmælendur voru á aldrinum 25 til 61 árs og samanstóðu af átta körlum og sjö konum. Viðmælendur voru flestir á ferðalagi á eigin vegum með maka, vini eða fjölskyldu, ýmist á bílaleigubíl, hjólandi eða ríðandi. Viðmælendur höfðu víðtæka menntun. Meðal erlendu viðmælendanna voru m.a. doktorsnemi, verkfræðingur, læknir, sálfræðingur og bankastarfsmaður. Erlendu viðmælendurnir voru allir í sinni fyrstu heimsókn til Íslands. Í hópi Íslendinga voru smiður, matráður, endurskoðandi og stjórnsýslufræðingur. Ellefu viðtöl voru tekin í Hrauneyjum og fjögur í Áfangagili. Meðallengd viðtalanna var 14 mínútur.

Tafla 2. Bakgrunnur ferðamanna sem rætt var við.

<i>Erlendir ferðamenn</i>	<i>Íslenskir ferðamenn</i>
Spænskur (kk) doktorsnemi (25 ára)	Íslenskur (kvk) endurskoðandi (37 ára)
Svissneskur (kk) rafvirki (40 ára)	Íslenskur (kk) stjórnsýslufræðingur (42 ára)
Belgískur (kvk) námsráðgjafi (25 ára)	Íslenskur (kvk) matráður (50 ára)
Belgískur (kk) vefhönnuður (29 ára)	Íslenskur (kk) smiður (61 árs)
Þýsk (kvk) skrifstofukona (58 ára)	
Ítalskur (kk) læknir (55 ára)	
Ítalskur (kvk) sálfræðingur (46 ára)	
Svissneskur (kvk) bankastarfsmaður (28 ára)	
Svissneskur (kk) verkfræðingur (28 ára)	
Ungverskur (kk) skrifstofumaður (38 ára)	
Úkraínskur (kvk) tölvufræðingur (37 ára)	

Nánari lýsing á viðmælendum:

*Erlendir ferðamenn:*

- Tuttugu og fimm ára gamall karlmaður frá Barcelona á Spáni. Hann er doktorsnemi og var hjólandi með vinkonu sinni á leið yfir Sprengisand til Akureyrar.
- Fertugur karlmaður frá Zurich í Sviss og starfar sem rafvirki í óperuhúsi. Hann ferðaðist á mótorhjóli með vinkonu sinni og var á leið inn í Landmannalaugar.
- Tuttugu og fimm ára gömul kona frá Belgíu. Hún starfar sem námsráðgjafi í háskóla og var á ferðalagi með kærasta sínum á bílaleigubíl á leið inn í Landmannalaugar.
- Tuttugu og níu ára gamall karlmaður frá Belgíu. Hann starfar sem vefhönnuður og var á ferðalagi með kærustu sinni á bílaleigubíl á leið inn í Landmannalaugar.
- Fimmtíu og átta ára gömul kona frá Þýskalandi. Hún starfar sem skrifstofudama og var á ferðalagi með fjölskyldu sinni í húsbíl á leið inn í Landmannalaugar.
- Fimmtíu og fimm ára gamall karlmaður frá Ítalíu. Hann starfar sem læknir og var á ferðalagi með fjölskyldu sinni sem hugðist gista í Hrauneyjum í tvær nætur og ferðast um svæðið, meðal annars inn í Landmannalaugar.
- Fjörutíu og sex ára gömul kona frá Ítalíu. Hún starfar sem sálfræðingur og var á ferðalagi með fjölskyldu sinni sem hugðist gista þar í tvær nætur og ferðast um svæðið, meðal annars inn í Landmannalaugar.
- Tuttugu og átta ára gömul kona frá Sviss. Hún starfar sem bankastarfsmaður og var á ferðalagi með unnusta sínum á bílaleigubíl á leið inn í Landmannalaugar.



- Tuttugu og átta ára gamall karlmaður frá Sviss. Hann starfar sem verkfræðingur og var viðtalið við hann tekið í Hrauneyjum. Hann var á ferðalagi með unnustu sinni á bílaleigubíl á leið inn í Landmannalaugar.
- Þrjátíu og átta ára gamall Ungverji búsettur í Bandaríkjunum. Hann starfar sem ráðgjafi hjá fjármálafyrirtæki og var viðtalið tekið í Áfangagili. Hann var á ferðalagi með eiginkonu sinni á hestbaki á leið frá Landmannahelli yfir í Hólaskóg.
- Þrjátíu og sjö ára gömul kona frá Úkraínu búsett í Bandaríkjunum. Hún starfar sem tæknimaður hjá netfyrirtæki og var viðtalið við hana tekið í Áfangagili. Hún var á ferðalagi með manni sínum á hestbaki á leið frá Landmannahelli yfir í Hólaskóg.

*Íslenskir ferðamenn:*


- Þrjátíu og sjö ára gömul kona úr Reykjavík. Hún starfar sem endurskoðandi og var viðtalið við hana tekið í Áfangagili þar sem hún gisti á leið sinni fótgangandi frá Rjúpnavegum í Landmannahelli. Hún var á ferðalagi með manni sínum í skipulagðri hópferð. Var þetta í fyrsta skipti sem þau komu á þetta svæði.
- Fjörutíu og tveggja ára gamall karlmaður úr Reykjavík. Hann starfar sem stjórnsýslufræðingur og var viðtalið við hann tekið í Áfangagili þar sem hann gisti á leið sinni fótgangandi frá Rjúpnavegum í Landmannahelli. Hann var á ferðalagi með konu sinni í skipulagðri hópferð. Var þetta í fyrsta skipti sem þau koma á þetta svæði.
- Fimmtug kona frá Akureyri. Hún starfar sem matráður í skóla og var viðtalið tekið í Hrauneyjum. Hún var á ferðalagi í húsbíl með vini sínum á leið inn í Veiðivötn þar sem þau hugðust dvelja í nokkra daga. Hún hafði ekki áður ferðast um svæðið.
- Sextíu og eins árs karlmaður úr Reykjavík. Hann er sjálfstætt starfandi smiður og var viðtalið við hann tekið í Hrauneyjum. Hann var á ferðalagi með vinkonu sinni í húsbíl á leið inn í Veiðivötn þar sem þau hugðust dvelja í nokkra daga. Hann hefur oft ferðast um svæðið og um árabíl keyrði hann hópferðabíla fyrir Guðmund Jónason yfir hálendið.




## 5 Niðurstöður

### 5.1 Ferðamenn og einkenni þeirra


Af þeim 1351 ferðamanni sem svaraði spurningalistunum eru rúmlega 46% konur og um 50% karlar, þannig að kynjahlutfall er nokkuð jafnt, en 45 (tæp 4%) merkja ekki við kyn. Flestir eru að ferðast um þetta svæði í fyrsta sinn eða tæp 72% viðmælenda en tæp 7% hafa komið 10 sinnum eða oftar á svæðið (mynd 5). Íslendingar eru fjölmennasti hópur svarenda (26%) en þar á eftir koma Frakkar (18%) og Þjóðverjar (17%). Eftirtektarvert er að Norðurlandabúar eru einungis um 3% svarenda (mynd 6). Flestir svarenda starfa við sérfræðistörf (30%) eða gegna stjórnunarstörfum (16%) (mynd 7). Flestir aðspurðra eru á aldrinum 50-59 ára og er meðalaldur þeirra rúm 43 ár. Mikill breytileiki er í aldri (staðalfrávik=15,195) og er sá yngsti 10 ára og sá elsti 88 ára (mynd 8). Tæplega fjórir af hverjum tíu aðspurðra eru á ferð með fjölskyldunni, tæp 32% ferðast með ættingjum og vinum og um 21% eru í skipulagðri hópferð (mynd 9). Flestir ferðast um á bílaleigubíl (38%) eða á eigin bíl (27%) en fæstir (um 2%) eru á mótórhjólí (mynd 10).




Mynd 5. Tíðni heimsókna ferðamanna á svæðið.




Mynd 6. Þjóðerni svarenda.




Mynd 7. Starf svarenda.



Mynd 8. Aldur svarenda.




Mynd 9. Ferðafélagar svarenda.



Mynd 10. Ferðamáti svarenda.


Ferðamenn voru í upphafi spurðir hvort vindmyllur væru nærri heimili þeirra og svöruðu um 30% þeirra svo vera, en tæp 70% svöruðu því neitandi (mynd 11). Tæplega 4% þeirra Íslendinga sem svöruðu spurningalistunum búa nálægt vindmyllum á meðan 70% Þjóðverja og yfir 40% af íbúum Benelúxlandanna, Svisslendinga og Austurríkismanna hafa vindmyllur nærri heimili sínu.



Mynd 11. Hlutfall svarenda sem hafa vindmyllur væru nærri heimili sínu.


## 5.2 Upplifun og ánægja ferðamanna á svæðinu

Ferðamenn voru spurðir um upplifun sína af svæðinu með tilliti til aðgengis, fegurðar, náttúru og kyrrðar. Almenn upplifa svarendur kyrrð á svæðinu, að það sé fallett og náttúrulegt en skiptari skoðanir eru á því hvort það sé aðgengilegt (mynd 12). Mikill meirihluti þátttakenda, eða um 90%, telja svæðið vera kyrrlát eða mjög kyrrlát og lítill minni hluti eða 2% telja svæðið vera hávært eða mjög hávært. Tæp 86% ferðamanna upplifa svæðið sem náttúrulegt eða mjög náttúrulegt og tæp 6% telja svæðið vera manngert. Um 80% ferðamanna upplifir svæðið sem fallett eða mjög fallett og tæp 5% upplifa svæðið sem ljótt eða mjög ljótt. Meirihluti (um 65%) aðspurðra finnst svæðið vera aðgengilegt eða mjög aðgengilegt. Um 11% er á því að það sé óaðgengilegt og aðeins rúmt 1% segir það vera mjög óaðgengilegt.




Mynd 12. Upplifun gesta af svæðinu.

Mikill meirihluti ferðamanna er ánægður eða mjög ánægður með dvöl sína á svæðinu (89%) og innan við 1% er óánægður (mynd 13). Þá er mikil meirihluti ferðamanna eða tæp 93% ánægður eða mjög ánægður með náttúru svæðisins og aðeins 1% er óánægður með náttúru svæðisins (mynd 14). Hér er mikilvægt að hafa í huga að umræðu um hugtakið svæði í kafla 4.1.3.



Mynd 13. Ánægja með dvöl á svæðinu.




Mynd 14. Ánægja með náttúru svæðisins.

### 5.3 Viðhorf ferðamanna til víðerna

Ferðamenn voru spurðir hvort þeir teldu að ósnortin víðerni væru hluti af aðdráttaraflí svæðisins og telur um 84% aðspurðra svo vera (mynd 15). Einnig voru ferðamenn spurðir hvort þeir hefðu komið á svæðið til að upplifa ósnortin víðerni og svaraði 72% því játandi (mynd 16). Marktækur munur er á þessum breytum eftir öllum bakgrunnsbreytum sem skoðaðar voru. Íslendingar, Norðurlandabúar, Bandaríkjamenn og Kanadamenn koma síður á svæðið til að upplifa ósnortin víðerni en aftur á koma íbúar Benelúxlandanna, Frakkar, Þjóðverjar og flokkurinn aðrir Evrópubúar á svæðið til að upplifa ósnortin víðerni.. Þeir sem hafa komið oft á svæðið, þeir sem

eru á einkabíl, þjónustusinnar og þeir sem stoppuðu við rannsóknarvindmyllurnar tvær koma síður til að upplifa ósnortin víðerni á þessu svæði.



Mynd 15. Eru „ósnortin víðerni“ hluti af aðdráttaraflí svæðisins?


Mynd 16. Komstu á svæðið til að upplifa ósnortin víðerni?

Viðtölin sem tekin voru við ferðamenn endurspegluðu þessi viðhorf, þ.e. að mikilvægur hluti af aðdráttaraflí svæðisins eru ósnortin víðerni og að ferðamenn væru þangað komnir í leit af þeim. Kona sem starfar sem matráður sagði t.d.: „*Að komast út í keyrrðina og fegurðina í náttúrunni og upplifa sig bara sem frían og frjálstan lausan við allt .. mér finnst það dásamlegt.* Spurð um hvort hún upplifði svæðið ósnortið svaraði hún til: „*Nei ég get ekki sagt það. Ég fékk kannski þá tilfinningu meira þegar ég kom að fossinum (Háifoss)... að þar væri ég í ósnortinni náttúru.*“ Ferðafélagi hennar úr Reykjavík 61 árs smiður sagði: „*Það sem einkennir náttúruna hérna mest er Hekla og ábrifin sem hún hefur valdið í gegnum tíðina. Gos og braun sem koma út frá henni. Ég myndi segja að það væri lýsandi fyrir meiriblutann af þessu svæði*“ Smiðurinn sagði jafnframt: „*Ég upplifi náttúruna hérna ekki sem ósnortna. Nei ekki með allar þessar virkjanir hér í kring. Þú þarft að fara svolítið út fyrir veginn og við þurfum að halda þeim svæðum. Það er allt í lagi að nýta einhver svæði en við þurfum að halda hinum líka ósnortnum.*“ Tuttugu og fimm ára doktorsnemi frá Sviss upplifði svæðið sem: „*Kind of unspoiled , without much wildlife and pretty rough ... exposed*“.

Flestir voru á þeirri skoðun að upplifun á víðernum yrði síðri ef það sæist í mannvirki eða eins og doktorsneminn orðaði það: „*...it could even be a dam or power plant. Even like a nuclear plant but if you didn't see it and you didn't see the impact ...*“ Vildi hann meina að víðernisupplifun sín væri sjónræn og ef hann sæi ekki mannvirkin þá hefðu þau ekki áhrif á hann. Skrifstofudama frá Úkraínu sem var alveg heilluð af Íslandi og sérstaklegu þessu svæði sem hún ferðaðist um ríðandi. Upplifun hennar er best lýst með hennar eigin orðum:

I think that I really knew that I was in the Highlands when I had lunch while pieces of ice hail were coming on top of me and the wind was pushing me and the horse sideways. I was in the Highlands. That was our Icelandic experience.

Ferðamenn voru spurðir hvað megi vera til staðar af mannvirkjum án þess að hugtakið ósnortin víðerni glati merkingu sinni. Um 4% aðspurðra eru þeirrar skoðunar að engin mannvirki megi vera til staðar til að hugtakið glati ekki merkingu sinni. Um 80% telja að hugtakið glati ekki merkingu sinni þótt til staðar séu fjallaskálar, 71% er sáttur við stíga, 60% við vegslóða og 53% við lagða göngustíga. Stærri mannvirki (þ.e. hótél, fjarskiptamöstur, rafmagnslínur, þjónustumiðstöðvar, stíflumannvirki, vindmyllur og miðlunarlón) sem og skemmdir á náttúrunni (gróðurskemmdir, ummerki eftir utanvegaakstur, skemmdir á náttúrufrýrbærum) verða hins vegar til þess að hugtakið ósnortið víðerni glati merkingu sinni (mynd 17).



Mynd 17. Mannleg ummerki sem mega vera til staðar án þess að hugtakið ósnortið víðerni glati merkingu sinni að mati ferðamanna.

Viðtölin við ferðamennina endurspegluðu svipuð viðhorf. Sem dæmi fannst úkraínskum ferðmanni viðeigandi mannvirki á víðernum vera: „*For example this little hut with grass roof, it is built into nature*” og átti þá við gistiskálann í Áfangagili sem byggður er í torfbæjarstíl. Smiður úr Reykjavík sagði:


Ef verið er að tala um ósnortið land, þá má helst ekki vera bíll. Við vitum það náttúrulega að eftir skepnur eru stígar út um allt og finnst mér það eðlilegra heldur en það sé búið að gera einhvern sléttan flöt og setja borð og bekkir eða eitthvað. Það finnst mér vera orðið meira inngríp heldur en svona slóðar.

Tuttugu og fimm ára belgískur ráðgjafi fannst háspennumöstur á leiðinni að Háafossi skemma víðernisupplifun sýna sem og mannvirki tengd Sultartangastöð:

The nature is spoiled because there is lot of power lines and also the feeling was that there was industry going on because of the canal. I also think when we were driving to Háifoss it's a gravelly road and there are a lot of electricity poles there and you feel like it is spoiled because of them...

## 5.4 Viðhorf ferðamanna til umhverfisþátta og innviða


Ferðamenn voru spurdir að því hversu mikilvæg ýmis atriði tengd umhverfinu og innviðum væru fyrir þá á ferðalagi sínu. Svarmöguleikar voru á bilinu 1 = alls ekki mikilvægt til 5 = mjög mikilvægt. Meðaltal hvers atriðis er síðan reiknað til að meta hvað ferðamönnum þykir mikilvægast þegar þeir ferðast um þetta svæði. Að mati svarenda er langmikilvægast að geta upplifað óraskaða náttúru og njóta kyrrðar. Eins finnst þeim mikilvægt að ekki sjáist ummerki um utanvegaakstur, að þeir geti gengið um án þess að sjá önnur mannvirki en fjallaskála og að verða ekki fyrir ónæði af völdum flugumferðar. Þau atriði sem síst eru mikilvæg fyrir ferðamenn eru merkingar á gönguleiðum og skoðunarverðum stöðum (mynd 18).




Mynd 18. Mikilvægi ýmissa atriða fyrir ferðamenn á svæðinu.

Upplifun á óraskaðri náttúru og að geta notið kyrrðar er að mati ferðamanna mikilvægast (93%) þegar þeir ferðast um svæðið (myndir 19 og 20). Meirihluta ferðamanna (67%) þykir mikilvægt að ekki sjáist merki um utanvegaakstur þegar ferðast er um svæðið en um 10% leggur ekki áherslu á það (mynd 21). Rúmlega helmingi ferðamanna (58%) þykir mikilvægt að geta gengið án þess að sjá mannvirki önnur en fjallaskála á meðan ríflega tíundi hluti setur það ekki fyrir sig (mynd 22). Meirihluti (58%) vill ekki verða fyrir ónæði af flugumferð á meðan um 14% setja það ekki fyrir sig (mynd 23). Rúmur helmingur ferðamanna (57%) leggur áherslu á að fáir ferðamenn séu á svæðinu en um 15% leggur litla áherslu á það (mynd 24).







Mynd 19. Að hægt sé að upplifa óraskaða náttúru.




Mynd 20. Að hægt sé að njóta kyrrðar.




Mynd 21. Að ekki sjáist ummerki um utanvegaakstur.



Mynd 22. Að geta gengið án þess að sjá önnur mannvirki en fjallaskála.




Mynd 23. Að verða ekki fyrir ónæði af flugumferð.




Mynd 24. Að það séu fáir aðrir ferðamenn.

Þá telur tæpur helmingur ferðamanna (48%) mikilvægt að ekki sjáist ummerki eftir aðra ferðamenn. Þriðjungur er hlutlaus gagnvart þessu atriði og tæplega tveir af hverjum tíu telur þetta atriði ekki mikilvægt (mynd 25). Margir (38%) telja mikilvægt að mega tjalda hvar sem er innan svæðisins en litlu færri (33%) finnst það ekki mikilvægt (mynd 26). Skiptar skoðanir eru á mikilvægi þess að geta tjaldað þar sem ferðamenn verða ekki varir við aðra. Þriðjungi ferðamanna (33%) þykir það mikilvægt, rúmur þriðjungur (35%) er hlutlaus og tæpur þriðjungur (32%) setur það ekki fyrir sig (mynd 27). Mjög skiptar skoðanir eru um mikilvægi áningastaða með bekkjum og borðum. Um 42% aðspurðra þykja áningastaðir óþarfir en 29% telur mikilvægt að til staðar séu bekkir og borð til áningar (mynd 28). Meirihluti svarenda (56%) leggur litla áherslu á skipulögð tjaldstæði á svæðinu en 15% telur þau mikilvæg (mynd 29). Rúmlega sex af hverjum tíu telur lagða göngustíga óþarfa en um 16% finnst þeir mikilvægir (mynd 30). Um 63% leggur ekki


áherslu á að göngubrýr séu yfir vatnsföll en 13% telur þær mikilvægar (mynd 31). Fáir (6%) leggja áherslu á að skoðunarverðir staðir séu merktir (mynd 32) og um 5% leggja áherslu á merktar gönguleiðir (mynd 33).




Mynd 25. Að ekki sjáist ummerki eftir aðra ferðamenn.




Mynd 26. Að mega tjalda hvar sem er innan svæðis.




Mynd 27. Að geta tjaldað þar sem þú verður ekki var við aðra.




Mynd 28. Áningastaðir (bekkir og borð).




Mynd 29. Skiplögð tjaldsvæði




Mynd 30. Lagðir göngustígar.



Mynd 31. Göngubrýr.



Mynd 32. Skoðunarverðir staðir merktir.




Mynd 33. Merktar gönguleiðir.

## 5.5 Greining á viðhorfum ferðamanna eftir viðhorfskvarðanum

Margar rannsóknir (Anna Dóra Sæþórsdóttir, 2005, 2010a; Fredman og Emmelin, 2001; J.C. Hendee o.fl., 1968; John C. Hendee og Stankey, 1973; Vistad, 1995; Wallsten, 1988) sýna fram á að náttúrusinnar eru viðkvæmir fyrir allri röskun á umhverfinu, að þeir hafa ekki áhuga á að hafa merkingar, skipulögð tjaldsvæði eða nokkur mannvirki og vilja hafa sem fæsta aðra ferðamenn þegar þeir eru að ferðast. Upplifun þjónustusinna skerðist ekki með tilkomu mannvirkja, þeir vilja að göngustígar og skoðunarverðir staðir séu merktir og fjöldi annarra ferðamanna rýrir ekki upplifun þeirra. Almennir ferðamenn eru þarna á milli og hafa blandaðar skoðanir á þessum þáttum.


Við greiningu svarenda samkvæmt viðhorfskvarðanum í náttúrusinna, þjónustusinna og almenna ferðamenn reyndust um 56% vera almennir ferðamenn, tæp 28% þjónustusinnar og 16% náttúrusinnar eða miklir náttúrusinnar sem svipar um margt til niðurstaðna svipaðrar rannsóknar sem gerð var á svæðinu frá Laka, Landmannalaugum og Eldgjá (mynd 34).




Mynd 34. Hlutfallsleg skipting ferðamanna með hliðsjón af viðhorfskvarðanum eftir stöðum. Hér hefur niðurstöðum þessarar rannsóknar verið bætt við efst á myndina. Heimild: (Anna Dóra Sæþórsdóttir og Gyða Þórhallsdóttir, 2013).

## 5.6 Viðhorf til vindmylla

Um 77% svarenda tók eftir vindmyllunum tveimur á Hafinu (mynd 35) en aðeins 10% ferðamanna stoppaði við þær (mynd 36).




Mynd 35. Tókstu eftir vindmyllum tveimur á Hafinu?




Mynd 36. Stoppaðir þú við vindmyllurnar tvær á Hafinu?

Ferðamenn voru spurðir um viðhorf sitt til vindmyllanna tveggja á Hafinu, vindmylla í náttúru Íslands, vindmylla á hálendinu og áforma um 80 vindmyllur í Búrfellslundi. Viðmælendur voru neikvæðastir í garð áforma um 80 vindmyllur í Búrfellslundi en jákvæðari í garð vindmyllanna tveggja á Hafinu (mynd 37).



Mynd 37. Viðhorf til vindmylla.

Við nánari greiningu svara kemur í ljós að rúm 47% aðspurðra eru jákvæðir í garð vindmyllanna tveggja á Hafinu, um 36% eru hlutlausir og rúm 16% er þeim andvígur (mynd 38). Um 40% aðspurðra eru almennt jákvæður í garð vindmylla í náttúru Íslands, um þriðjungur er andvígur og um fjórðungur er hlutlaus. Viðhorf svarenda til vindmylla á hálendinu eru nokkuð svipað og viðhorf til vindmylla í náttúru Íslands þar sem rúm 40% viðmælenda eru jákvæðir og 34% eru neikvæður gagnvart vindmyllum á hálendinu. Þegar viðmælendur eru spurðir um viðhorf til áforma um að reisa 80 vindmyllur í Búrfellslundi reyndust um 40% aðspurðra vera neikvæðir en tæp 36% eru jákvæðir.



Mynd 38. Viðhorf til vindmylla.

Tölfræðilega marktækur munur er á viðhorfum svarenda greint eftir þjóðerni, ferðafélögum, ferðamáta, starfi, viðhorfskvarðanum, eftir því hvort stoppað hafði verið við vindmyllurnar tvær og hvort komið hafi verið til að upplifa ósnortin víðerni eða ekki (sjá töflu 3). Einnig er marktækur munur eftir aldri og eftir því hvort vindmyllur eru í nágrenni heimils viðmælenda með tilliti til viðhorfs til vindmyllanna tveggja, vindmylla í náttúru Íslands, vindmylla á hálendinu en hins vegar ekki með tilliti til 80 vindmylla í Búrfellslundi. Yngsti aldurshópurinn er jákvæðari en

þeir sem eldri eru, Íslendingar og Norðurlandabúar eru jákvæðari en aðrar þjóðir, þeir sem hafa komið oft á svæðið eru jákvæðari en þeir sem eru að koma þangað í fyrsta sinn eða sjaldan, þeir sem eru á mótórhjólum eða fjórhjólum eru jákvæðari en ríðandi, gangandi og farþegar í hópferðabíl eru neikvæðari í garð vindmyllanna. Ófaglærðir eru jákvæðari en aðrir og þjónustusinnar eru jákvæðari en aðrir ferðamenn. Þeir sem stoppuðu við vindmyllurnar tvær eru jákvæðari en þeir sem stoppuðu þar ekki, þeir sem hafa ekki vindmyllur nálægt heimili eru jákvæðari en þeir sem hafa þær ekki og þeir sem komu til að upplifa ósnortin víðerni eru neikvæðari en aðrir (tafla 3).

Tafla 3. Yfirlit yfir marktækan mun á svörum spurninga um viðhorf til vindmylla í náttúru Íslands og bakgrunnsbreyta rannsóknarinnar.

	Kyn	Aldur	Þjóð- erni	Komið áður	Ferða- félagar	Ferða- máti	Starf	Viðhorfs- kvarði	Tók eftir vindmyllun- um tveimur	Stoppaði við vindmyllurn- ar tvær	Vindmyllur í nágrenni við heimilis	Kom til að upplifa ósnortin víðerni	Tíðni mark- tektar
Viðhorf til vindmyllanna tveggja		1	1	1	1	1	1	1		1	1	1	10
Viðhorf til vindmylla í náttúru Íslands		1	1		1	1	1	1		1	1	1	9
Viðhorf til vindmyll á hálandinu		1	1		1	1	1	1		1	1	1	9
Viðhorf til vindmylla í Búrfellslundi með allt að 80 vindmyllum			1	1	1	1	1	1		1		1	8
Tíðni marktæktar		3	4	2	4	4	4	4		4	3	4	36


Í viðtölum við ferðamenn kom einnig fram að viðhorf til vindmylla eru blendin. Þegar svissneskur rafvirki var spurður um viðhorf sitt til vindmylla á hálandi Íslands svaraði hann því svo til: „*Is it necessary? Do they rely need it?*” Sem endurspeglaði þá skoðun sumra viðmælenda að á Íslandi væri nú þegar næg orkuframleiðsla. Smiður úr Reykjavík var frekar neikvæður gagnvart staðsetningu vindmylla á hálandinu og sagði: „*Þetta er eins og er í umræðunni núna í sambandi við þessar vindmyllur og möstur. Mér finnst allt í lagi að þrúfa þær og setja þær upp einhvers staðar og nota þær. En ég er ekki kannski sammála að hafa þær uppi á hálandinu... ekki á ferðamannaslóðum.*” Bankastarfsmaður frá Sviss var hissa þegar hann sá tilraunavindmyllurnar á Hafinu þó eftir á hyggja sæi hann að kannski væru kjöraðstæður fyrir slík mannvirki á þessum slóðum. Honum fannst þær áberandi í landslaginu og að aðdráttarafl svæðisins væri minna fyrir vikið:

I was kind of surprised to see them there, however when you are driving you could realize it was really, really windy outside. So I guess it makes sense to put them there. I mean they are huge, they are white, so they catch your eye immediately. I didn't hear if they make any noise, normally you can hear them if you walk around them... because we were in the car I didn't notice that. But the area comes less attractive with wind mills.

Svissneskur verkfræðingur var svipaðrar skoðunar og sagði: „ ... *if you have like an area full of wind mills I think it will spoil the landscape*”. Áform um að setja upp 80 vindmyllur í Búrfellslundi féll í frekar grýttan jarðveg jafnvel hjá þeim viðmælendum sem voru hlyntir framleiðslu vindorku. Töldu þeir áformin illa samræmast aukinni ferðamennsku á svæðinu, eða eins og smiðurinn úr Reykjavík orðaði það:

Ég hefði ekki samþykkt þennan stað ef ég ætti að greiða atkvæði um það. Svo er náttúrulega spurning um hvort þær geti verið einhvers staðar annars staðar. Auðvitað þurfa þær að vera þar sem er vindur. Svo er spurning um ef það verða settar upp fleiri hvort það sé hægt að gera það þannig að þær samræmist betur landslaginu. Þær geta ekki verið hvar sem er allavega, en hvort sé hægt að setja þær einhvers staðar þannig að hægt sé að sætta sig við það ég veit það ekki. Miðað við að Íslendingar eru að auglýsa Ísland sem ferðamannaland og verið er að byggja það upp núna hörðum höndum, þá passar þetta ekki alveg inn í. Virkjanirnar sjást ekki svo mikið í raun og veru en þetta fer ekki fram hjá neinum. Þetta er náttúrulega dálítið mikið inngríp í náttúruna.

Ferðamenn voru spurðir hvort 80 vindmyllur í Búrfellslundi hefðu áhrif á hvort þeir myndu ferðast um svæðið. Tæplega 60% svara því neitandi og telja að slík áform hefðu engin áhrif á ferðahegðun sína, en tæplega 30% segjast myndu síður koma eða jafnvel ekki koma aftur á svæðið. Aftur á móti segist rúm 7% viðmælenda frekar myndu koma (mynd 39). Marktækur munur er á viðhorfum þeirra sem eru sem eldri, sem segjast síður munu ferðast um svæðið ef þar væru komnar 80 vindmyllur. Marktækur munur er einnig á viðhorfum þeirra sem eru gangandi, ríðandi eða í skipulagðri hópferð. Náttúrusinnar kæmu enn fremur síður og einnig þeir sem eru að leitast eftir að upplifa ósnortin víðerni.




Mynd 39. Áhrif vindmylla á ferðahegðun um svæðið.

Viðtölin við ferðamennina endurspegluðu þessa afstöðu. Flestir töldu að fyrirhugaðar 80 vindmyllur hefðu ekki áhrif á ferðahegðun sína eða eins og trésmiður úr Reykjavík orðaði það: „Ég held að þetta stoppi engan ferðamann í sjálfu sér.” Rafvirki frá Sviss taldi jafnvel að einhverjir hefðu gaman af því að sjá allar vindmyllurnar: „*It might be attractive for some people if they are passing by. They would say: This is the new field of the wind mills. But if I want to see nature of course I would not go into that area!*” Spænskur doktorsnemi sagði að þetta skipti hann ekki máli þar sem hann væri bara á leið í


gegnum svæðið. Þetta svæði væri ekki áfangastaðurinn sem slíkur: „*We would just pass by. I would be like a little bit disappointed because it is a human mark but ... I guess that I would not have changed my mind.*”

Ferðamenn voru spurðir hver þeir teldu vera hæfilegur fjöldi vindmylla á svæðinu. Rúmur helmingur aðspurðra tók afstöðu til þessarar spurningar eða rúm 57% en tæp 43% svarar henni ekki. Af þeim ferðamönnum sem tekur afstöðu til spurningarinnar vildi um 22% ekki sjá neinar vindmyllur á svæðinu, rúm 7% telur að þessar tvær sem nú þegar eru á hafinu vera hæfilegan fjölda. Tæplega 13% telur 10-19 vindmyllur hæfilegan fjölda, um 30% telur hæfilegan fjölda vera á bilinu 20 til 79 vindmyllur og tæp 23% telur fleiri en 80 vindmyllur megi vera á svæðinu (mynd 40).



Mynd 40. Mat ferðamanna á hæfilegum fjölda vindmylla á svæðinu.

Þá voru ferðamenn einnig spurðir hvort nálægar vindmyllur sem þeir vissu af en sæju ekki hefðu áhrif á viðernisupplifun þeirra. Um 61% telur svo ekki vera. Um fjórðungur telur að nálægar vindmyllur hefðu einhver áhrif og um 7% telur að þær hefðu mikil eða mjög mikil áhrif (mynd 41).




Mynd 41. Áhrif nálægra vindmylla utan sjónlínu.



## 5.7 Viðhorf til fullyrðinga um vindmyllur


Ferðamenn voru beðnir að taka afstöðu til hversu sammála eða ósammála þeir væru ellefu fullyrðingum varðandi vindmyllur. Svarmöguleikar voru á bilinu 1 = mjög sammála til 5 = mjög ósammála. Reiknað var út meðaltal svara og atriðum raðað eftir því hversu sammála ferðamenn eru fullyrðingunum. Svarendum finnst að banna eigi vindmyllur í þjóðgörðum og á friðlýstum svæðum en telja hins vegar vindmyllur vera umhverfissvæna leið til orkuöflunar. Vindmyllur þykja jafnframt ekki auka aðdráttarafli svæða (mynd 42).



Mynd 42. Viðhorf ferðamanna til vindmylla.

Við nánari greiningu svara kemur í ljós að rúmlega 80% telur að banna ætti vindmyllur alveg í þjóðgörðum og friðlýstum svæðum en einn af hverjum tíu er því ósammála (mynd 43). Langflestir (82%) aðspurðra telja vindmyllur umhverfissvæna leið til orkuöflunar en aðeins um 7% eru því ósammála. Tveir þriðju aðspurðra telja vindmyllur frekar eiga að vera á landbúnaðarsvæðum heldur en í óbyggðum en um 13% ferðamanna er því ósammála. Meirihlutinn (63%) telur að banna ætti vindmyllur á fallegum svæðum en tæplega tveir af hverjum tíu (18%) er því ósammála. Rúmlega helmingurinn (54%) telur að vindmyllur geri landslag síðra en rúmlega tveir af hverjum tíu (22%) eru því ósammála. Tæpur helmingur (46%) telur vindmyllur vera áhugaverð mannvirki en rúmur fjórðungur er ósammála þeirri fullyrðingu. Rúmlega þriðjungur telur að vindmyllur hafi skaðleg áhrif á fuglalíf en tæplega tveir af hverjum tíu er því ósammála. Um þriðjungur aðspurðra telja að vindmyllur valdi óþægilegum hávaða en ekki (27%). Tæplega fjórir af hverjum tíu (38%) aðspurðra eru hlynntari að hafa 100 vindmyllur

saman á einu svæði heldur en að dreifa þeim á 10 svæði með 10 vindmyllum hver. Um þrír af hverjum tíu (29%) vilja frekar 10 vindmyllulundi með 10 vindmyllum. Rúmur helmingur (59%) svarenda telur ekki að þeir myndu forðast að ferðast um svæði þar sem eru vindmyllur, en um 16% segist myndi forðast að ferðast um slík svæði. Tveir þriðji hluti aðspurðra (66%) telur að vindmyllur minnki aðdráttarafl svæða en um 8% telur þær auka aðdráttarafl svæða.



Mynd 43. Viðhorf ferðamanna til vindmylla (%).

Marktakur munur er á viðhorfum svarenda til flestra fyrrnefndra fullyrðinga greint eftir aldri, þjóðerni, ferðafélögum, ferðamáta, starfi, viðhorfskvarðanum, eftir því hvort stoppað hafði verið við vindmyllurnar tvær og hvort komið hafi verið til að upplifa ósnortin víðerni (tafla 4). Almennt eru eldri ferðamenn neikvæðari en þeir sem eru yngri. Farþegar í hópferðabíl, ríðandi og gangandi eru neikvæðari en aðrir. Allar þjóðir nema Íslendingar vilja frekar sjá vindmyllur á landbúnaðarsvæðum en í óbyggðum en skoðanir Íslendinga eru nokkuð jafn dreifðar hvað þetta atriði varðar. Þjóðverjum og hestamönnum finnst vindmyllur ekki áhugaverð mannvirki. Þeir sem eldri eru, Þjóðverjar, Bretar og íbúar Benelúxlandanna telja vindmyllur valda óþægilegum hávaða auk þess sem þessir hópar telja að vindmyllur geri landslag síðara. Elsti aldurshópurinn,


Bandaríkjamenn, Kanadabúar og flokkurinn aðrir Evrópubúar telja síður að vindmyllur séu umhverfisvæn leið til orkuöflunar.

Tafla 4. Yfirlit yfir marktækan mun á svörum spurninga um fullyrðingar til vindmylla og bakgrunnsbreyta rannsóknarinnar.

	Kyn	Aldur	Þjóð- erni	Komið áður	Ferða- félagar	Ferða- máti	Starf	Víðhorfs- kvarði	Tók eftir vindmyllun- um tveimur	Stoppaði við vindmyllun- ar tvær	Vindmyllur í nágreppi við heimilis	Kom til að upplifa ósnortin viðerni	Tíðni mark- tektar
Ég forðast að ferðast um svæði með vindmyllum		1	1	1	1	1	1	1		1		1	9
Vindmyllur auka aðdráttarafl svæða fyrir ferðamenn			1		1	1		1		1	1	1	7
Vindmyllur gera landslag síðra		1	1		1	1	1	1		1		1	8
Vindmyllur hafa skaðleg áhrif á dýralíf	1	1			1	1	1	1		1	1	1	9
10 vindlundir með 10 vindmyllum eru æskilegri en einn vindlundur með 100 vindmyllum	1	1	1	1		1			1		1		7
Banna ætti vindmyllur á fallegum landsvæðum		1	1	1	1	1	1	1				1	8
Banna ætti vindmyllur í þjóðgördum og á friðlýstum svæðum			1		1	1		1	1	1		1	7
Vindmyllur eru umhverfisvæn leið til orkuöflunar		1	1	1	1	1	1			1		1	8
Ég vil frekar sjá vindmyllur á landbúnaðarsvæðum heldur en í óbyggðum		1	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1	11
Vindmyllur eru áhugaverð mannvirki		1	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1	11
Vindmyllur valda óþægilegum hávaða		1	1		1	1	1	1		1		1	8
Tíðni marktæktar	2	9	10	6	10	11	8	9	4	9	5	10	93


## 5.8 Viðhorf til orkugjafa

Mikill meirihluti (72,6%) svarenda hefur miklar áhyggjur af loftlagsbreytingum ásamt hlýnun jarðar. Einn af hverjum tíu (10,2%) hefur litlar áhyggjur af loftlagsbreytingum (mynd 44).



Mynd 44. Áhyggjur af loftlagsbreytingum.


Ferðamenn voru spurðir út í viðhorf til sjö mismunandi orkugjafa sem eru nýttir eða áform eru um að nýta á hér á landi. Svarmöguleikar voru á bilinu 1 = mjög jákvætt til 5 = mjög neikvætt. Reiknað var út meðaltal svara og atriðum raðað eftir viðhorfum ferðamanna. Viðmælendur eru neikvæðastir í garð olíu sem orkugjafa en eru jákvæðir gagnvart öðrum orkugjöfum. Jákvæðasta viðhorfið er í garð jarðvarma og sjávarfallaorku. Vindorka lendir þarna í fjórða sæti (mynd 45).



Mynd 45. Viðhorf til orkugjafa.

Nánari greining svaranna sýndir að um 70% aðspurðra er neikvæður í garð olíu sem orkugjafa og tæp 7% er jákvæður (mynd 46). Nærri tveir af hverjum þremur (65%) aðspurðra er jákvæður í garð vindorku en rúmlega einn af hverjum tíu (11%) er neikvæður gagnvart vindorku. Meirihluti ferðamanna hefur jákvætt viðhorf til líforku (59%) en tæp 12% þeirra er neikvæður. Ferðamenn eru jákvæðir í garð vatnsafls sem orkugjafa (71%) og þarf af tæplega helmingur mjög jákvæður en tæp 8% eru neikvæðir. Um 73% ferðamanna er jákvæður gagnvart sjávarfallaorku og

um 4% ferðamanna eru neikvæðir. Um 84% svarenda er jákvæður í garð jarðvarma, þar af 68% mjög jákvæður en um 5% eru neikvæðir.



Mynd 46. Viðhorf til orkugjafa.

Marktækur munur er á viðhorfi til vindorku eftir aldri, þjóðerni, ferðafélögum, ferðamáta, starfi, viðhorfkvarðanum, eftir því hvort fólk stoppaði við tilraunavindmyllurnar og hvort komið hafi verið til að upplifa ósnortin víðerni (tafla 5). Yngsti aldurshópurinn er jákvæðari gagnvart vindorku en þeir sem eldri eru, Norðurlandabúar, Íslendingar og Bandaríkjamenn og Kanadamenn eru jákvæðari en Frakkar og Þjóðverjar eru neikvæðari en aðrar þjóðir. Þeir sem ferðast hjólandi eru jákvæðari en þeir sem nota annan ferðamáta, þjónustusinnar eru jákvæðari en aðrir ferðamenn. Þeir sem stoppuðu við vindmyllurnar tvær eru jákvæðari en þeir sem stoppuðu þar ekki og þeir sem komu til að upplifa ósnortin víðerni eru neikvæðari en aðrir.

Tafla 5. Yfirlit yfir marktækan mun á svörum spurninga um viðhorf til orkugjafa og bakgrunnsbreyta rannsóknarinnar.

	Kyn	Aldur	Þjóð- erni	Komið áður	Ferða- félagar	Ferða- máti	Starf	Viðhorfs- kvarði	Tók eftir vindmyllun- um tveimur	Stoppaði við vindmyllurn- ar tvær	Vindmyllur í nágrenni við heimilis	Kom til að upplifa ósnotin viðerni	Tíðni mark- tektar
Viðhorf til vindorku		1	1		1	1	1	1		1		1	8
Viðhorf til vatnsafls		1	1	1	1	1		1	1		1	1	9
Viðhorf til jarðvarma			1	1	1	1	1		1		1	1	8
Viðhorf til líforku			1		1	1	1		1				5
Viðhorf til olíu			1	1		1						1	4
Viðhorf til sjávarfalla- orku			1				1					1	3
Tíðni marktæktar	0	2	6	3	4	5	4	2	3	1	2	5	37


## 5.9 Viðhorf ferðamanna til landslags

Svarendur voru beðnir um að meta landslag með tilliti til fegurðar á sex ljósmyndum sem teknar voru í Búrfellslundi eða nágrenni hans.

- 1) Ljósmynd A tekin til suðurs eftir þjóðvegi 26 með Búrfell og Bjólfell í baksýn.
- 2) Ljósmynd B tekin til austurs yfir sandauðn með háspennumastur í forgrunni.
- 3) Ljósmynd C tekin til austurs frá Hólaskógi með Heklu í baksýn.
- 4) Ljósmynd D tekin yfir hraun og sandsléttu.
- 5) Ljósmynd E tekin til austurs með háspennumöstur í forgrunni og Heklu í baksýn.
- 6) Ljósmynd F tekin til suðurs yfir frárennisskurð Sultartangavirkjunar með Búrfell og Bjólfell í baksýn.

Svarendur voru beðnir um að svara spurningunni: „Hversu fallegt finnst þér eftirfarandi landslag?“ og voru svarmöguleikar á bilinu 1 = mjög fallegt til 5 = alls ekki fallegt. Meðaltal hverrar myndar var síðan reiknað.

Ferðamönnum þykir landslagið á ljósmynd C (útsýni yfir Heklu) fallegast en síst á ljósmyndum B (auðn og háspennumastur), F (fráveituskurður) og E (háspennumastur með Heklu í baksýn). Athygli vekur munur á viðhorfi til ljósmynda C og E en þar er um að ræða sama sjónarhorn, nema á ljósmynd E eru háspennumöstur (mynd 47).




Mynd 47. Viðhorf ferðamanna til fegurðar landslags á ljósmyndum.

Um 98% aðspurðra voru þeirrar skoðunar að landslagið á ljósmynd C (mynd 48) væri fallett, þar af 88% sem töldu að það væri mjög fallett (mynd 49). Einnig telur mikill meirihluti ferðamanna (90%) landslagið á ljósmynd A (mynd 50) vera fallett og eru aðeins 1% þeirrar skoðunar að það sé ekki fallett (mynd 51). Meirihluti ferðamanna (81%) telur landslagið á ljósmynd D (mynd 52) fallett og aðeins tæp 6% telur svo ekki vera (mynd 53). Um 43% svarenda telur landslagið á ljósmynd E (mynd 54) fallett en um þriðjungur (34%) aðspurðra þykir landslagið á ljósmynd E ekki fallett (mynd 55). Þá eru tæplega fjórir af hverjum tíu (37%) þeirrar skoðunar að landslagið á ljósmynd F (mynd 56) sé fallett en um þriðjungur (34%) telur svo ekki vera (mynd 57). Skiptar skoðanir eru á landslaginu á ljósmynd B (mynd 58) en þriðjungur þykir það vera fallett en heldur fleirum (36%) þykir það ekki fallett (mynd 59).



Mynd 48. Ljósmynd C tekin til austurs frá Hólaskógi með Heklu í baksýn.




Mynd 49. Viðhorf til landslags á ljósmynd C.






Mynd 50. Ljósmynd A tekin til suðurs eftir þjóðvegi 26 með Búrfell og Bjólfell í baksýn.



Mynd 51. Viðhorf til landslags á ljósmynd A.




Mynd 52. Ljósmynd D tekin yfir sandauðn.



Mynd 53. Viðhorf til landslags á ljósmynd D.




Mynd 54. Ljósmynd E tekin til austurs með háspennumöstur í forgrunni og Heklu í baksýn.



Mynd 55. Viðhorf til landslags á ljósmynd E.



Mynd 56. Ljósmynd F tekin til suðurs yfir frárennisskurð Sultartangavirkjunar með Búrfell í baksýn.




Mynd 57. Viðhorf til landslags á ljósmynd F.





Mynd 58. Ljósmynd B tekin til austurs yfir sandauðn með háspennumastur í forgrunni.



Mynd 59. Viðhorf til landslags á ljósmynd B.

Svarendur eru mest sammála um ljósmyndir C og A en þar er marktækur munur á viðhorfi kynjanna þar sem konum þykja myndirnar fallettri en körlum. Marktækur munur er einnig á viðhorfum svarenda til hinna ljósmyndanna (þ.e. E, D, B og F) greint eftir aldri, þjóðerni, ferðafélögum, ferðamáta, starfi, viðhorfskvarðanum, eftir því hvort stoppað hafði verið við tilraunavindmyllurnar og hvort komið hafi verið til að upplifa ósnortin víðerni. Myndir B, E og F eiga það sameiginlegt að á þeim eru mannvirki. Mannvirkin trufla síður Íslendinga og Norðurlandabúa en hafa hins vegar mikil áhrif á Bandaríkjamenn, Kanadamenn, Breta, Íra og Frakka. Mannvirki trufla síður yngsta aldurshópinn en mest þann elsta. Mannvirkin trufla enn fremur síður þá sem hafa komið oft á svæðið en þá sem eru að koma í fyrsta sinn og trufla síður þjónustusinna en aðra á viðhorfskvarðanum.


Tafla 6. Yfirlit yfir marktækan mun sé á svörum spurninga um viðhorf til landslags á ljósmyndum og bakgrunnsbreyta rannsóknarinnar.

	Kyn	Aldur	Þjóð- erni	Komið áður	Ferða- félagar	Ferða- máti	Starf	Viðhorfs- kvarði	Tók eftir vindmyllun- um tveimur	Stoppaði við vindmyllurn- ar tvær	Vindmyllur í nágrenni við heimilis	Kom til að upplifa ósnortin víðerni	Tíðni mark- tektar
Ljósmynd A	1	1					1			1		1	5
Ljósmynd B		1	1	1	1	1	1	1		1		1	9
Ljósmynd C	1	1									1	1	4
Ljósmynd D	1	1	1	1			1	1			1	1	8
Ljósmynd E		1	1	1	1	1	1	1		1		1	9
Ljósmynd F		1	1	1	1	1	1	1		1		1	9
Tíðni marktæktar	3	6	4	4	3	3	5	4	0	4	2	6	44

Ljósmyndirnar sex mynduðu þrjú myndapör:

- 1) Hekla í bakgrunni með og án rafmagnsmastra.
- 2) Ógrónir melar með og án rafmagnsmastra.
- 3) Búrfell í bakgrunni með og án frárenslisskurðar.

Borin voru saman viðhorf ferðamanna til hvorra þessara para og er martækur munur á viðhorfi svarenda í samanburði allra paranna þar sem myndir með mannvirkjum þykja í öllum tilfellum síður fallegar en myndir án mannvirkja (myndir 60-68).



Mynd 60. Samanburður á viðhorfi til landslags á ljósmyndum C og E.

Ljósmynd C, mynd 61:  $\bar{X}=1,14$ ,  $S=0,408$

Ljósmynd E, mynd 62:  $\bar{X}=2,92$ ,  $S=1,241$


$t=-49,110$  og  $p<0,001$



Mynd 61. Ljósmynd C tekin frá Hólaskógi til austurs með Heklu í bakgrunni. Enginn mannvirki sjáanleg.



Mynd 62. Ljósmynd E tekin frá Hólaskógi til austurs með Heklu í bakgrunni og háspennumöstur til hliðar.



Mynd 63. Samanburður á viðhorfi til landslags á ljósmyndum B og D.


Ljósmynd B, mynd 64:  $\bar{X}=3,06$ ,  $S=1,108$   
 Ljósmynd D, mynd 65:  $\bar{X}=1,77$ ,  $S=0,914$   
 $t=34,432$  og  $p<0,001$



Mynd 64. Ljósmynd B tekin til austurs af þjóðvegi 33. Háspennumastur ber við fjallasýn.



Mynd 65. Ljósmynd D tekin til austurs af þjóðvegi 33. Ekkert háspennumastur.



Mynd 66. Samanburður á viðhorfi til landslags á ljósmyndum A og F.

Ljósmynd A, ljósmynd 67:  $\bar{X}=1,55$ ,  $S=0,716$   
 Ljósmynd F, mynd 68:  $\bar{X}=2,98$ ,  $S=1,210$   
 $(t=-37,2262$  og  $p<0,001)$



Mynd 67. Ljósmynd A tekin til suðurs frá þjóðvegi F26 með Búrfell í bakgrunni.



Mynd 68. Ljósmynd F tekin til suðurs frá Sultangavirkjun yfir frárennslisskurðinn og með Búrfell í bakgrunni.

Niðurstöður viðtalanna taka í sama streng og sýna að flestum finnst landslagið á ljósmynd C fallegast. Belgískum námsráðgjafa fannst ljósmynd C fallegust af því að: „*This one is the greenest and don't has the electricity*”. Stjórnsýslufræðingi úr Reykjavík fannst:

... svolítill sjónmengun af þessum raflinum á B og E. Mér finnst C, A og D fallegastar. Þær trufla mig þessar raflínur. Mér finnst myndirnar þar sem er hreint landslag fallegri. Já ómannbert... já þessi hreina náttúra. Það er það sem slær mig, en þetta er alls ekki þannig að þetta trufla mig svo að ég vilji þetta í burtu eða þannig... þetta er praktískt... Ég fæ ekki þá tilfinningu að þetta sé hluti af landslaginu... nei þetta er manngert.

Svissneskur bankastarfsmaður benti á ljósmynd A og sagði: „*That's pure wilderness*”. Undir þetta sjónarmið tók ítalskur læknir með þeim orðunum: „*I like A, D and C better because there is no man-made structures there. I don't like this one F. Because there is a man factory with this river ... it is not natural, I think it is done for electric energy.*” Doktorsnemi frá Belgíu hafði svipuð viðhorf:

I really like the landscape but I don't like the ones with the power towers it's kind of disturbing the landscape. Although I can understand that you need to bring the power to anywhere. But I feel like over here I was in the middle of nothing except for the electric towers. I like better A, C and D those without manmade structures. When I saw F, I thought like wow, I like it more virgin, like more natural.


Háspennulínurnar trufluðu einnig endurskoðandann frá Reykjavík: „*Þegar ég sé rafmagnsstaurinn á myndinni [bendir á ljósmynd B] þá er þetta ekki ósnortin náttúra.*” Hann bætti síðan við að sér myndist: „*ekki verið gengið of langt, allavega á þessum myndum B, E og F. Og F það sést kannski minna út af svörtu söndunum... á þessum myndum [bendir á ljósmyndir B, E og F] finnst mér það ekki... mér finnst ekki gengið á svona... að það sé kominn einhver verksmiðjubragur á landslagið.*” Mannvirki trufluðu þó svissneska bankastarfsmanninn:

I don't think it is too bad because it is the same as we have at home, I mean it is perhaps necessary to have them .. so you can't always have the best picture ... [um ljósmynd A] ...That's pure wilderness... The least one is F. The road and the power mast and the canal ... it's kind of disturbs the whole nice picture setting.

Úkraínsk skrifstofudama virtist hugfangin af auðninni og lýsti hún ljósmynd D með þessum orðum: „*I just think it is so unusual to see this wild. You don't see this anywhere else in the world... just wild fields of ash and black sand ... just nothing there. It is like the surface of a different planet.*” Þegar svissneskur rafvirki var að velta fyrir sér myndunum sagði hann upp úr eins manns hljóði: „*I like the wild. I like the rough. I think Icelandic people still look more after nature than other countries. If you have a wild place try to keep it wild*”.

## 5.10 Viðhorf til vindmylla í íslensku landslagi


Á spurningalistanum voru 15 ljósmyndir af vindmyllum með mismunandi stærð og fjölda vindmylla (66 vindmyllur í 80 m hæð og 87 vindmyllur í 64 m hæð) og mismunandi fjarlægð að þeim (1,5 km eða 4 km). Þátttakendur voru beðnir um að svara spurningunni: „*Hvert er viðhorf þitt til vindmylla á eftirfarandi myndum?*“ og voru svarmöguleikar á bilinu 1 = mjög jákvætt til 5 = mjög neikvætt. Meðaltal hverrar myndar var síðan reiknað til að athuga hvaða ljósmynd ferðamenn eru jákvæðastir eða neikvæðastir gagnvart. Niðurstöður sýna að svarendum þykir neikvæðast ef vindmyllur „skyggja á“ útsýni á Heklu og Búrfell en þykir síður neikvætt ef bakgrunnurinn er sléttlendi (mynd 69).



Mynd 69. Viðhorf til vindmylla á ljósmyndum A til O.



Rúmlega tveir þriðju ferðamanna (68%) eru neikvæðir (mynd 70) gagnvart vindmyllum á ljósmynd G (mynd 71) en tæp 18% eru jákvæðir í garð vindmyllanna.




Mynd 70. Viðhorf til vindmylla á ljósmynd G.



Mynd 71. Ljósmynd G. 64 metra háar vindmyllur í 1,5 km fjarlægð. Mynd tekin frá Hólaskógi til austurs. Hekla í bakgrunni.

Um sex af hverjum tíu ferðamanna eru neikvæðir gagnvart vindmyllum á ljósmynd E (mynd 72) en rúm 20% eru jákvæðir (mynd 73).



Mynd 72. Viðhorf til vindmylla á ljósmynd E.




Mynd 73. Ljósmynd E. 64 metra háar vindmyllur í 1,5 km fjarlægð. Mynd tekin til suðurs eftir þjóðvegi 26. Búrfell fyrir miðju.

Rúmur helmingur ferðamanna (54%) er neikvæður gagnvart vindmyllum á ljósmynd K (mynd 74) en tæpur fjórðungur er jákvæður (mynd 75).



Mynd 74. Ljósmynd K. 80 metra háar vindmyllur í 1,5 km fjarlægð. Hekla í bakgrunni.




Mynd 75. Viðhorf til vindmylla á mynd K.

Rúmur helmingur ferðamanna (51%) er neikvæður gagnvart vindmyllum á ljósmynd J (mynd 76) en rúmur fjórðungur er jákvæður (mynd 77).




Mynd 76. Ljósmynd J. 64 metra háar vindmyllur í 1,5 km fjarlægð. Hekla í bakgrunni.



Mynd 77. Viðhorf til vindmylla á ljósmynd J.

Rúmur helmingur ferðamanna er neikvæður (mynd 78) gagnvart vindmyllum á ljósmynd B (mynd 79) en rúm 27% er jákvæður.




Mynd 78. Viðhorf til vindmylla á ljósmynd B.



Mynd 79. Ljósmynd B. 64 metra háar vindmyllur í 4 km fjarlægð. Mynd tekin til austurs yfir Bjarnalón.

Tæpur helmingur ferðamanna (48%) er neikvæður (mynd 80) gagnvart vindmyllum á ljósmynd F (mynd 81) en rúm 27% er jákvæður




Mynd 80. Viðhorf til vindmylla á ljósmynd F.



Mynd 81. Ljósmynd F. 64 metra háar vindmyllur í 1,5 km fjarlægð. Mynd tekin til norðurs frá vegamótum.

Tæpur helmingur ferðamanna er neikvæður (mynd 82) gagnvart vindmyllum á ljósmynd A (mynd 83) en rúm 29% er jákvæður. Svissneskur rafvirki sem rætt var við lét eftirfarandi orð falla um myndina:



Mynd 82. Viðhorf til vindmylla á ljósmynd A.




Mynd 83. Ljósmynd A. 80 metra háar vindmyllur í 4 km fjarlægð. Mynd tekin til austurs yfir Bjarnarlón.



Tæp 44% ferðamanna er neikvæður gagnvart vindmyllum á ljósmynd I (mynd 84) en rúmur fjórðungur er jákvæður (mynd 85).



Mynd 84. Ljósmynd I. 80 metra háar vindmyllur í 1,5 km fjarlægð.




Mynd 85. Viðhorf til vindmylla á ljósmynd I.

Rúm 42% ferðamanna er neikvæður gagnvart vindmyllum á ljósmynd H (mynd 86) en rúm 27% er jákvæður (mynd 87).




Mynd 86. Ljósmynd H. 64 metra háar vindmyllur í 1,5 km fjarlægð.



Mynd 87. Viðhorf til vindmylla á ljósmynd H.

Rúmlega 43% ferðamanna er neikvæður (mynd 88) gagnvart vindmyllum á ljósmynd D (mynd 89) en tæplega þriðjungur er jákvæður.




Mynd 88. Viðhorf til vindmylla á ljósmynd D.



Mynd 89. Ljósmynd D. 64 metra háar vindmyllur í 4 km fjarlægð. Mynd tekin til vesturs frá Áfangagili.

Tæplega 37% ferðamanna er jákvæður (mynd 90) gagnvart vindmyllum á ljósmynd C (mynd 91) en rúm 36% er neikvæður.



Mynd 90. Viðhorf til vindmylla á ljósmynd C.




Mynd 91. Ljósmynd C. 80 metra háar vindmyllur í 4 km fjarlægð. Mynd tekin til vesturs frá Áfangagili.

Tæp 38% ferðamanna er neikvæður gagnvart vindmyllum á ljósmynd M (mynd 92) en tæp 32% er jákvæður (mynd 93).



Mynd 92. Ljósmynd M. 80 metra háar vindmyllur í 1,5 km fjarlægð.




Mynd 93. Viðhorf til vindmylla á ljósmynd M.

Tæp 36% ferðamanna er neikvæður gagnvart vindmyllum á ljósmynd L (mynd 94) en tæp 34% er jákvæður (mynd 95).



Mynd 94. Ljósmynd L. 64 metra háar vindmyllur í 1,5 km fjarlægð.




Mynd 95. Viðhorf til vindmylla á ljósmynd L.

Rúm 42% ferðamanna er jákvæður gagnvart vindmyllum á ljósmynd O (mynd 96) en rúm 28% er neikvæður (mynd 97).



Mynd 96. Ljósmynd O. 80 metra háar vindmyllur í 4 km fjarlægð.




Mynd 97. Viðhorf til vindmylla á ljósmynd O.

Tæp 44% ferðamanna er jákvæður gagnvart vindmyllum á ljósmynd N (mynd 98) en rúm 26% er neikvæður (mynd 99).



Mynd 98. Ljósmynd N. 64 metra háar vindmyllur í 4 km fjarlægð.



Mynd 99. Viðhorf til vindmylla á ljósmynd N.

Marktækur munur er á viðhorfum svarenda til ljósmyndanna fimmtán eftir aldri, þjóðerni, ferðafélögum, ferðamáta, starfi, viðhorfskvarðanum, eftir því hvort stoppað hafði verið við tilraunavindmyllurnar og hvort komið hafi verið til að upplifa ósnortin víðerni (tafla 7). Aftur á móti er sjaldan marktækur munur eftir öðrum breytum sem kannaðar voru. Bandaríkjamenn, Kanadamenn, Íslendingar og Norðmenn eru jákvæðari gangvart ljósmyndum A og B en Frakkar, Bretar og Írar. Yngsti aldurshópurinn er jákvæðari gagnvart sömu ljósmyndum og elsti aldurshópurinn er lang neikvæðastur. Gangandi, ríðandi og hópferðamenn eru neikvæðastir og náttúrusinnar eru neikvæðari en aðrir út í ljósmyndirnar með vindmyllunum. Þeir sem koma sérstaklega til að upplifa víðerni eru neikvæðari en aðrir út í ljósmyndirnar með vindmyllunum. Hinar ljósmyndirnar, þ.e. C, D, E, og F, sýna nokkuð svipað samband. Ljósmynd E sker sig hins vegar nokkuð úr varðandi mun á viðhorfi ferðamanna eftir viðhorfskvarðanum, þar sem náttúrusinnar eru marktækt neikvæðastir. Aftur á móti er einnig munur á milli kynja þar sem karlar eru jákvæðari til myndarinnar en konur.

Tafla 7. Yfirlit yfir marktækan mun á svörum spurninga um viðhorf til vindmylla á ljósmyndum og bakgrunnsbreyta rannsóknarinnar.


	Kyn	Aldur	Þjóð- erni	Komið áður	Ferða- félagar	Ferða- máti	Starf	Viðhorfs- kvarði	Tók eftir vindmyllun- um tveimur	Stoppaði við vindmyllurn- ar tvær	Vindmyllur í nágrenni við heimilis	Kom til að upplifa ósnortin víðerni	Tíðni mark- tektar
Ljósmynd A		1	1		1	1	1	1		1		1	8
Ljósmynd B		1	1		1	1	1	1		1		1	8
Ljósmynd C		1	1		1	1	1	1		1		1	8
Ljósmynd D		1	1		1	1	1	1		1		1	8
Ljósmynd E	1	1	1	1	1	1	1			1	1	1	10
Ljósmynd F		1	1		1	1	1	1		1	1	1	9
Ljósmynd G		1	1	1	1	1	1	1		1		1	9
Ljósmynd H		1	1		1	1	1	1		1		1	8
Ljósmynd I		1	1		1	1	1	1		1		1	8
Ljósmynd J		1	1		1	1	1	1		1		1	8
Ljósmynd K		1	1		1	1	1	1		1		1	8
Ljósmynd L		1	1		1	1	1	1		1		1	8
Ljósmynd M		1	1		1	1	1	1		1		1	8
Ljósmynd N		1	1		1	1	1	1					6
Ljósmynd O		1	1		1	1	1	1		1		1	8
Tíðni marktæktar	1	15	15	2	15	15	15	14	0	14	2	14	122



## 5.11 Samanburður á viðhorfi ferðamanna til vindmylla í landslagi

### 5.11.1 Munur á viðhorfi eftir stærð og fjölda vindmylla

Á fyrstu þremur ljósmyndapörum voru vindmyllurnar í 4 km fjarlægð en í mismunandi landslagi og var kannað hvort viðmælendum þætti ásættanlegra að hafa færri (66) og stærri vindmyllur (80 m) eða hvort betra sé að hafa þær fleiri (87) og minni (64 m). Við samanburð á ljósmyndum A og B (teknar í norðaustur yfir Bjarnalón) kemur í ljós að viðhorf til vindmylla á ljósmynd A (mynd 101, 66 vindmyllur 80 m) er marktækt jákvæðara en viðhorf til ljósmyndar B (mynd 102, 87 vindmyllur 64 m), þ.e. ferðamönnum finnst jákvæðara að hafa færri og stærri vindmyllur (mynd 100).



Mynd 100. Samanburður á viðhorfi til vindmylla á ljósmyndum A og B.

Ljósmynd A, mynd 101:  $\bar{X}=3,35$ ,  $S=1,236$

Ljósmynd B, mynd 102:  $\bar{X}=3,40$ ,  $S=1,242$

$t=-4,065$  og  $p<0,001$



Mynd 101. Ljósmynd A tekin til norðausturs yfir Bjarnalón og sýnir 66 vindmyllur í 80 m hæð í 4 km fjarlægð.



Mynd 102. Ljósmynd B tekin til norðausturs yfir Bjarnalón og sýnir 87 vindmyllur í 64 m hæð í 4 km fjarlægð.


Í viðtölunum voru ferðamenn spurðir hvort þeir teldu Búrfellslund hentuga staðsetningu fyrir vindmyllur. Nokkrir töluðu um að þeir hefðu litlar forsendur til að meta það en belgískur námsráðgjafi sagði: „*If you want to build wind mills I think that's the best location. It's a barren land ... not so much to see other than the volcano... correct me if I'm wrong and it could spoil the view from some places towards the volcano.*” Doktorsnemi frá Spáni sem hafði komið hjólandi að sunnan og var á leið í Hrauneyjar sagðist vel skilja að menn vildu reisa vindmyllur á þessum slóðum: „*... considering the wind that was blowing today, yes, but considering the landscape impact, you must have more remote areas which there isn't even a road yet .. like where tourists are not crossing it .. you can make the park there...*”. Viðmælendum fannst flestum erfitt að sjá mun á fjölda og stærð vindmylla á ljósmyndum A og B eða eins og íslenskur stjórnsýslufræðingur sagði: „*Eru þar ekki eins...?*” En eftir að hafa skoðað þær betur:

Já... þær eru minni og fleiri... nú sé ég það ... mér finnst það ekki vera það mikill munur á því ... að vera með stórar og færri eða minni og fleiri ... ég átti erfitt með að greina muninn ... þannig að hérna... ég hef ekki sterka skoðun á því ... hvort það séu fleiri eða stærri...

Íslenski smiðurinn var þessu sammála: „*Ég sé nú ekki mikinn mun á þessum myndum.. jú það eru fleiri á neðri myndinni er það ekki?*”. Íslenskum endurskoðanda varð að orði: „*Já sem sagt færri stórar eða margar litlar? Þetta truflar mig. Það er svona fyrsta tilfinning... þegar ég sé þetta svona myndrænt ... þetta verður mjög umdeilt ég get sagt þér það*”. Íslenska matráðnum fannst þetta hins vegar: „*...ekki alveg eins áberandi og ég hélt... að horfa á þetta svona...*”. Svissneskur rafvirki sagði um vindmyllurnar á ljósmyndum A og B:

It is spoiling the landscape. I mean it is huge. Of course it does not fit. Doesn't fit at all! Because I want to have a view of the mountains. I mean... the thing is you get the energy but you have this image which will be messed up because of these wind mills ... that is messing up the nature around...

Í samanburði á ljósmyndum C (mynd 104) og D (mynd 105) (teknar frá Áfangagili til vesturs) var að sama skapi skoðað hvort viðmælendum þætti ásættanleggra að hafa færri (66) og stærri vindmyllur (80 m) (ljósmynd C) eða hvort betra sé að hafa þær fleiri (87) og minni (64 m) (ljósmynd D). Niðurstöður sýna að viðhorf til vindmylla á ljósmynd C er marktækt jákvæðara en ljósmynd D, þ.e. ferðamönnum finnst jákvæðara að hafa færri og stærri vindmyllur (mynd103).



Mynd 103. Samanburður á viðhorfi til vindmylla á ljósmyndum C og D.

Ljósmynd C, mynd 104:  $\bar{X}=3,07$ ,  $S=1,218$

Ljósmynd D, mynd 105:  $\bar{X}=3,26$ ,  $S=1,233$

$t=-11,561$  og  $p<0,001$




Mynd 104. Ljósmynd C tekin frá Áfangagili til vesturs og sýnir 66 vindmyllur í 80 m hæð í 4 km fjarlægð.



Mynd 105. Ljósmynd D tekin frá Áfangagili til vesturs og sýnir 87 vindmyllur í 64 m hæð í 4 km fjarlægð.

Í samanburði á ljósmyndum H (mynd 107) og I (mynd 108), teknar af þjóðvegi F26 til suðurs að Búrfelli, var skoðað hvort viðmælendum þætti ásættanlegra að hafa 80 m eða 60 m háar vindmyllur í 1,5 km fjarlægð. Niðurstöður sýna að ferðamenn eru marktækt jákvæðari gagnvart ljósmynd H, þ.e. jákvæðara að hafa minni vindmyllur en stærri (mynd 106). Þetta er í mótsögn við fyrri myndapör (þ.e. A-B og C-D), þar sem svarendur telja betra að hafa færri stórar vindmyllur en fleiri minni. Líklegt er að fjöldi vindmylla hafi hér áhrif.



Mynd 106. Samanburður á viðhorfi til vindmylla á ljósmyndum H og I.

Ljósmynd H, mynd 107:  $\bar{X}=3,26$ ,  $S=1,136$

Ljósmynd I, mynd 108:  $\bar{X}=3,29$ ,  $S=1,138$

$t=-2,604$  og  $p=0,009$




Mynd 107. Ljósmynd H tekin af þjóðvegi F26 til suðurs og sýnir þrjár 64 m háar vindmyllur í 1,5 km fjarlægð.



Mynd 108. Ljósmynd I tekin af þjóðvegi F26 til suðurs og sýnir þrjár 80 m háar vindmyllur í 1,5 km fjarlægð.



Í samanburði á ljósmyndum J (mynd 110) og K (mynd 111), þar sem horft er frá Hólaskógi að Heklu, var skoðað hvort svarendum þætti ásættanlegra að hafa 80 m eða 60 m háar vindmyllur í 1,5 km fjarlægð. Í ljós kemur að ferðamenn eru marktækt jákvæðari gagnvart ljósmynd J, þ.e. þeim finnst jákvæðara að hafa minni vindmyllur en stærri (mynd 109) sem er í samræmi við niðurstöður við myndir H-I.



Mynd 109. Samanburður á viðhorfi til vindmylla á ljósmyndum K og J.

Ljósmynd J, mynd 110:  $\bar{X}=3,41$ ,  $S=1,202$   
 Ljósmynd K, mynd 111:  $\bar{X}=3,47$ ,  $S=1,188$   
 $t=-5,581$  og  $p<0,001$




Mynd 110. Ljósmynd J tekin frá Hólaskógi til austurs og sýnir þrjár 64 metra háar vindmyllur í 1,5 km fjarlægð.



Mynd 111. Ljósmynd K tekin frá Hólaskógi til austurs og sýnir þrjár 80 metra háar vindmyllur í 1,5 km fjarlægð.

Í samanburði á ljósmyndum L (mynd 113) og M (mynd 114), frá Dómadalsleið til norðurs, var skoðað hvort viðmælendum þætti ásættanlegra að hafa 80 m eða 60 m háar vindmyllur í 1,5 km fjarlægð. Í ljós kemur að viðhorf til vindmylla á ljósmynd L er marktækt jákvæðara en ljósmynd M (mynd 112), þ.e. jákvæðara að hafa minni vindmyllur en stærri.



Mynd 112. Samanburður á viðhorfi til vindmylla á ljósmyndum L og M.

Ljósmynd L, mynd 113:  $\bar{X}=3,07$ ,  $S=1,168$

Ljósmynd M, mynd 114:  $\bar{X}=3,13$ ,  $S=1,163$

$t=-5,544$  og  $p<0,001$




Mynd 113. Ljósmynd L tekin frá Dómadalsleið til norðurs og sýnir 64 metra háar vindmyllur í 1,5 km fjarlægð.



Mynd 114. Ljósmynd M tekin frá Dómadalsleið til norðurs og sýnir 80 metra háar vindmyllur í 1,5 km fjarlægð.

Í samanburði á ljósmyndum N (mynd 116) og O (mynd 117), frá Dómadalsleið til norðurs, var skoðað hvort munur væri á viðhorfi viðmælenda eftir hæð vindmyllanna (80 m eða 64 m háar) þegar þær væru staðsettar í 4 km fjarlægð. Í ljós kemur að viðhorf til vindmylla á ljósmynd N er marktækt jákvæðara en ljósmynd O, þ.e. jákvæðara viðhorf er í garð lægri vindmyllanna (mynd 115).



Mynd 115. Samanburður á viðhorfi til vindmylla á ljósmyndum N og O.

Ljósmynd N, mynd 116:  $\bar{X}=2,82$ ,  $S=1,165$

Ljósmynd O, mynd 117:  $\bar{X}=2,86$ ,  $S=1,171$

$t=-4,224$  og  $p<0,001$



Mynd 116. Ljósmynd N tekin frá Dómadalsleið til norðurs og sýnir 64 metra háar vindmyllur í 4 km fjarlægð.




Mynd 117. Ljósmynd O tekin frá Dómadalsleið til norðurs og sýnir 80 metra háar vindmyllur í 4 km fjarlægð.

Í viðtölunum voru ferðamenn spurðir hvort þeim fyndist hæð vindmyllanna skipta máli. Þeir töldu flestir lítinn mun vera á myndunum og eru orð doktorsnemans lýsandi fyrir viðhorf viðmælenda: „*I don't think it matter. If you see a wind turbine it is already there... like a human mark.*”

### 5.11.2 Munur á viðhorfi eftir landslagi

Í samburði á ljósmyndum E (mynd 119), F (mynd 120) og G (mynd 121) var skoðað hvort munur væri á viðhorfi ferðamanna eftir því í hvernig landslagi vindmyllur væru. Niðurstöður sýna að marktækur munur (mynd 118) er á viðhorfi ferðamanna til mismunandi landslags. Neikvæðast er að vindmyllur skyggi á útsýni til Heklu (ljósmynd G), en síður neikvætt að þær skyggi á útsýni suður Land í átt að Búrfelli og Bjólfelli (ljósmynd E). Gróðurlausir melar er sú landslagsgerð sem ferðamönnum þykir best henta fyrir staðsetningu vindmyllulundar (ljósmynd F).



Mynd 118. Samanburður á viðhorfi til vindmylla á ljósmyndum E, F og G.

Ljósmynd E, mynd 119:  $\bar{X}=3,62$ ,  $S=1,185$

Ljósmynd F, mynd 120:  $\bar{X}=3,36$ ,  $S=1,210$

Ljósmynd G, mynd 121:  $\bar{X}=3,80$ ,  $S=1,211$

Ljósmynd E vs F ( $t=13,795$  og  $p<0,001$ )

Ljósmynd E vs G ( $t=-7,869$  og  $p<0,001$ )


Ljósmynd F vs G ( $t=-16,967$  og  $p<0,001$ )



Mynd 119. Ljósmynd E tekin af þjóðvegi F26 til suðurs og sýnir 64 metra háar vindmyllur í 1,5 km fjarlægð.



Mynd 120. Ljósmynd F tekin frá Dómadalsleið til norðurs og sýnir 64 metra háar vindmyllur í 1,5 km fjarlægð



Mynd 121. Ljósmynd G tekin frá Hólaskógi til austurs og sýnir 64 metra háar vindmyllur í 1,5 km fjarlægð.

Niðurstöður viðtalskönnunarinnar endurspeglar sams konar viðhorf og spurningakönnunin leiddi í ljós. Svissneska rafvirkjanum fannst t.d. vindmyllurnar spilla mest þegar þær skyggja á útsýni að Heklu: „*For the eye it of course matter here because there is a mountain here ... I would point at this and say Wow* (bendir á vindmyllurnar). *If I would look at F, I would say that it would be the best place because it is flat it is not so much to see*”. En svo voru einnig önnur sjónarmið uppi eins og hjá stjórnsýslufræðingi úr Reykjavík sem taldi vindmyllur í Búrfellslundi lagi og fannst landslagið umhverfis þær ekki skipta máli: „*nei veistu mér er svona nokk sama... ég hef bara séð þetta erlendis og þetta truflar mig ekki...mér finnst þetta ekki vera sjónmengun*”.



## 6 Umræður og ályktanir

Fjöldi erlendra ferðamanna sem koma til Íslands hefur rúmlega fimmfaldast á síðustu tveimur áratugum og var heildarfjöldi þeirra tæp ein milljón árið 2014 (Ferðamálastofa, 2015). Gjaldeyrstekjur ferðaþjónustunnar hafa að sama skapi vaxið og voru árið 2014 um 28% af útflutningsverðmætum þjóðarinnar, miðað við 23% frá sjávarútvegi og 20% frá áli og álafurðum (Íslandsbanki, 2015). Suðurlálandið er mjög mikilvægt svæði fyrir ferðaþjónustuna, en þar eru 77% af öllum skráðum gistinguðum í skálum í óbyggðum (Hagstofa Íslands, 2015). Um svæðið liggur því mikill straumur ferðamanna, sérstaklega til Landmannalauga, um Fjallabaksleið nyrðri og um Sprengisandsleið. Niðurstöður þessarar rannsóknar sýna að fyrirhugaðar vindmyllur í Búrfellslundi munu hafa áhrif á upplifun allra þeirra ferðamanna sem leggja leið sína um þessi svæði.

Fyrirhugaður Búrfellslundur er innan skilgreindra marka miðhálandisins eins og þau mörk eru skilgreind í svæðisskipulagi fyrir Miðhálandið (Umhverfisstofnun og Skipulagstofnun, 1999). Eitt meginádráttarafl Miðhálandis Íslands fyrir ferðamennsku er ósnortin náttúra eða víðerni, en slík svæði eru að verða stöðugt sjaldgæfari í hinum vestræna heimi og hafa því mikið gildi fyrir íslenska ferðaþjónustu. Bent hefur verið á að jaðarsvæði (C.M. Hall, 1992; Lesslie o.fl., 1991; Lesslie, Taylor og Sandra, 1983) víðerna sé mikilvægt tæki til að viðhalda og stýra gæðum þeirra. Þannig skiptir máli fyrir íslenska ferðaþjónustu að skipulag jaðarsvæða sé með þeim hætt að það skerði ekki gæði íslenskra víðerna.

Nú þegar eru sex vatnsaflsstöðvar á og umhverfis fyrirhugað vindmyllustæði norðaustan við Búrfell, og hefur svæðinu því nú þegar verið raskað töluvert. Niðurstöður þessarar rannsóknar sýna að flestum (80%) ferðamönnum finnst svæðið umhverfis fyrirhugað vindmyllustæði vera fallett og 93% eru ánægðir með náttúru þess. Um 84% telja að „ósnortin víðerni“ séu hluti af aðdráttarafli svæðisins og um 72% koma á svæðið til að upplifa víðerni. Víðernin hafa sérstaklega mikið aðdráttarafl fyrir íbúa Benelúxlandanna, Frakka og Þjóðverja. Þessar upplýsingar eru mikilvægar í ljósi þeirrar staðreyndar að ferðamenn frá þessum löndum eru með þeim fjölmennustu sem sækja Ísland heim yfir sumartímann og dvelja hvað allra lengst á landinu (Ferðamálastofa, 2014b). Með spurningalistaum sem stuðst var við í þessari rannsókn fylgdi kort af svæðinu sem rannsóknin náði til. Hins vegar er í þessu sambandi líklegt er að einhverjir ferðamenn hafi í sínum svörum verið að vísa í sitt eigið hugarkort sem nær mögulega yfir annað svæði en það sem kortið náði til. Einnig hefur verið sýnt fram á (t.d. Castree, 2005; Demeritt, 2002) að upplifun á náttúrunni er bundin bakgrunni og þekkingu fólks og því alls óvíst að ferðamenn hafi áttað sig á hversu manngert umhverfið á vatnasviði Þjórsár og Tungnaár er.

Þannig er auðvelt að túlka t.d. miðlunarlónin sem náttúruleg fjallavötn, skurðina sem náttúruleg gil og takmarkað rennsli í árfarvegum sem eðlilegt rennsli. Sú staðreynd að flestir ferðamannanna eru að ferðast um þetta svæði í fyrsta skipti, og hjá mörgum var þetta fyrsta heimsóknin inn á miðhálandi Íslands, hefur að öllum líkindum einnig áhrif á niðurstöðurnar. Marktækur munur er á skoðunum þeirra sem eru að koma á svæðið í fyrsta sinn og þeirra sem hafa komið oft á svæðið sem styður þessar ályktanir. Þannig finnst þeim sem eru að koma í fyrsta sinn svæðið vera náttúrulegra en þeim sem hafa komið þangað áður, sem undirstrikar áhrif staðkunnáttu á viðhorf ferðamanna til náttúruleika svæðis.

Meirihluti (77%) ferðamanna tók eftir rannsóknarvindmyllunum tveimur á Hafinu á ferðalagi sínu, en aðeins tæp 10% stoppuðu við þær, þar af var um helmingurinn Íslendingar. Niðurstöðurnar sýna að Íslendingar eru mun jákvæðari gagnvart vindmyllum en erlendir ferðamenn. Ástæður þess geta mögulega legið í jákvæðri umfjöllum íslenskra fjölmiðla um rannsóknarvindmyllurnar sem og í nýjungagirni Íslendinga, á meðan að viðhorf almennings til vindorku í Evrópu hefur verið að verða neikvæðara samfara fjölgun vindmylla í álfunni (Molnarova o.fl., 2012; Wolsink, 2007). Um 30% þeirra sem svöruðu spurningakönnuninni í þessari rannsókn hafa vindmyllur nærri heimili sínu, þar af um 70% Þjóðverja og yfir 40% af íbúum Benelúxlandanna, Svisslendinga og Austurríkismanna. Viðhorf þessara þjóðerna til vindmylla er oftar neikvæðara en annarra þjóðerna sem þátt tóku í könnuninni.

Ferðamenn eru almennt jákvæðir gagnvart endurnýjanlegum orkugjöfum eins og jarðvarma, sjávarfallaorku, vatnsafls, vindorku og líforku en ekki gagnvart olíu. Telja 82% vindorku vera umhverfisvæna leið til orkuframleiðslu sem er í samræmi við rannsóknir annars staðar frá (sjá t.d. Eka og Persson, 2012; Ladenburg, 2014; Slattery, Johnson, Swofford og Pasqualetti, 2012; Tabassum, Premalatha, Abbasi og Abbasi, 2014).

Tæplega helmingur ferðamanna er jákvæður í garð vindmyllanna tveggja á Hafinu, um 36% eru hlutlausir og rúmlega 16% eru þeim andvígur. Viðhorf til vindmylla í náttúru Íslands og á hálandinu er töluvert neikvæðara en um þriðjungur er neikvæður í garð þeirra. Enn fleiri eða um 40% eru neikvæðir í garð áforma um að reisa 80 vindmyllur í Búrfellslundi en tæplega 36% eru jákvæðir. Um 30% telja hæfilegan fjölda vindmylla í Búrfellslundi vera á bilinu 20 til 79 vindmyllur. Tæp 23% telja að fleiri en 80 vindmyllur megi vera á svæðinu, þar af er um þriðjungur Íslendingar. Tæplega 60% telur jafnframt að 80 vindmyllur í Búrfellslundi hefðu engin áhrif á ákvörðun um að ferðast um svæðið en þriðjungur ferðamanna að þeir myndu síður koma eða jafnvel ekki koma, aftur á svæðið væri slík orkuvinnsla á svæðinu. Niðurstöður viðtala við ferðamenn gefa til kynna að ferðamenn telja staðsetningu Búrfellslundar ekki vera þá heppilegustu fyrir 80 vindmyllur, á það einnig við um ferðamenn sem eru hlynntir framleiðslu



vindorku. Um 60% viðmælenda telja hins vegar að nálægar vindmyllur sem þeir vita af en sjá ekki myndu ekki hafa áhrif á viðernisupplifun, en um fjórðungur telur hins vegar að þær myndu hafa áhrif. Tæplega fjórðungur telur jafnframt að vindmyllur megi ekki vera til staðar án þess að hugtakið ósnortin víðerni glati merkingu sinni.

Niðurstöður viðtalskönnunar sýna meira afgerandi viðhorf hvað varðar fyrirhugaðan Búrfellslund og að hann fari illa saman með vaxandi mikilvægi ferðaþjónustunnar í þjóðarbúinu, ekki síst mikilvægi þessa svæðis sem eina af fjölförnustu leiðum inn á hálendið. Spurningakönnunin sýnir jafnframt að ferðamenn af öllum þjóðernum, fyrir utan Íslendinga, telja vindmyllur frekar eiga heima á landbúnaðarsvæðum en í óbyggðum. Spurningakönnunin sýnir jafnframt að 80% ferðamanna telja að vindmyllur eigi ekki að vera á friðlýstum svæðum. Áhrif vindmylla á landslag er ekki eins afgerandi, rétt rúmur helmingur ferðamanna telur vindmyllur gera landslag síðra.

Landslag þar sem Hekla leikur stórt hlutverk er fallegasta landslagið í hugum ferðamann á þessu svæði, á meðan gróðurlausar hraun- og sandsléttur þykja sísta landslagið. Nær allir (98%) ferðamenn telja sjónarhornið þegar horft er suðaustur af veginum ofan við Hólaskóg í átt að Heklu án mannvirkja vera fallegt, en eftirtektarvert er að sama sjónarhorn örlítið hnikað til þannig að háspennumöstur verða sjáanleg veldur því að hlutfall þeirra sem telja þetta sama landslag vera fallegt fellur niður í 43%. Þessar niðurstöður styðja erlendar rannsóknir (sbr. Wolsink, 2007) sem sýna áhrif mannvirkja á ferðamennsku og leggja áherslu á mikilvægi þess að finna mannvirkjum eins og háspennulínnum og vindmyllum þannig stað í landslaginu að þau séu sem minnst sýnileg og valdi þar með sem minnstum áhrifum á ferðamenn.

Niðurstöður á viðhorfum ferðamanna til fjarlægðar á vindmyllum sýna að þegar um margar vindmyllur á sama stað er að ræða, langt í burtu telja ferðamenn færri og stærri vindmyllur falla betur að landslagi. Hins vegar þegar fjarlægðin er styttri telja ferðamenn minni vindmyllur falla betur í landslagið. Þetta er í samræmi við erlendar rannsóknir (t.d. de Vries, de Groot og Boers, 2012; Tabassum o.fl., 2014).

Fyrirhugaður Búrfellslundur er staðsettur í jaðri orkuvinnslusvæðis sem nú þegar hefur orðið fyrir þó nokkru raski. Búrfellslundur teygir sig hins vegar inn á nýtt óraskað svæði í átt að Friðlandi að Fjallabaki sem er vinsælasta ferðamannasvæði á hálendinu og í áttina að Heklu sem er vinsælt myndefni ferðalanga. Skiptar skoðanir eru meðal ferðamanna gagnvart hugmyndinni um 80 vindmyllur í Búrfellslundi en heldur fleiri eru neikvæðir í garð þeirra en eru jákvæðir. Mikilvægir markhópar ferðaþjónustunnar eins og t.d. Þjóðverjar og Frakkar eru neikvæðari gagnvart hugmyndinni um 80 vindmyllur í Búrfellslundi en Íslendingar. Niðurstöður rannsóknarinnar benda til þess að vindmyllurnar í Búrfellslundi munu skerða upplifun hluta

Þeirra ferðamanna sem munu ferðast um svæðið. Mest munu áhrifin verða á hópferðamenn, göngufólk og þá sem fara um á hestbaki, þá ferðamenn sem koma sérstaklega til að upplifa víðerni og náttúrusinna en þeir eru 16% ferðamanna á þessum slóðum. Allir ferðamenn sem eru á leið um Sprengisandsleið eða Fjallabak koma til með að sjá vindmyllurnar og á nokkra kílómetra kafla þurfa þeir að aka um vindmyllusvæðið. Miðað við staðsetningu Búrfellslundar verður því ekki hjá því komist að vindmyllurnar muni hafa áhrif á eitt mikilvæga ferðamannasvæði landsins með framandi mannvirkjum í íslensku landslagi.

## Heimildir

- Anna Dóra Sæþórsdóttir. (2005). Greining á ferðamönnum með hjálp viðhorfskvarðans. Í I. Hannibalsson (ritstj.), *Rannsóknir í félagsvísindum VI* (bls. 27-38). Reykjavík: Viðskipta- og Hagfræðideild.
- Anna Dóra Sæþórsdóttir. (2007). Planning nature tourism using the purist scale. Í H. Gestsson og I. Hannibalsson (ritstj.), *14. Nordic Symposium in Tourism and Hospitality Research* (bls. 12-20). Akureyri: Rannsóknamiðstöð ferðamála.,
- Anna Dóra Sæþórsdóttir. (2010a). Planning Nature Tourism in Iceland based on Tourist Attitudes. *Tourism Geographies*, 12(1), 25-52. doi:10.1080/14616680903493639
- Anna Dóra Sæþórsdóttir. (2010b). Tourism struggling as the wilderness is developed. *Scandinavian Journal of Hospitality and Tourism*, 10(3), 334-357. doi:10.1080/15022250.2010.495485
- Anna Dóra Sæþórsdóttir. (2013). Managing popularity: Changes in tourist attitudes in a wilderness destination. *Tourism Management Perspectives*, 7, 47-58. doi:10.1016/j.tmp.2013.04.005
- Anna Dóra Sæþórsdóttir og Gyða Þórhallsdóttir. (2013). *Viðhorf ferðamanna á miðbálendi Íslands*. Reykjavík: Land- og ferðamálafræðistofa - Líf- og umhverfisvísindadeild Háskóla Íslands, Ferðamálafræðistofa og Vatnajökulsþjóðgarður.
- Anna Dóra Sæþórsdóttir, Rannveig Ólafsdóttir og Rögnvaldur Ólafsson. (2007). *Ferðamennska við Laka*. Höfn: Háskólasetrið á Hornafirði.
- Anna Dóra Sæþórsdóttir og Rögnvaldur Ólafsson. (2010a). Áhrif virkjana á ferðamennsku og útivist. *Náttúrufræðingurinn*, 80(3-4), 103-118.
- Anna Dóra Sæþórsdóttir og Rögnvaldur Ólafsson. (2010b). Nature tourism assessment in the Icelandic Master Plan for geothermal and hydropower development. Part I: rapid evaluation of nature tourism resources. *Journal of Heritage Tourism*, 5(4), 311-331. doi:10.1080/1743873x.2010.517839
- Anna Dóra Sæþórsdóttir og Rögnvaldur Ólafsson. (2010c). Nature tourism assessment in the Icelandic Master Plan for geothermal and hydropower development. Part II: assessing the impact of proposed power plants on tourism and recreation. *Journal of Heritage Tourism*, 5(4), 333-349. doi:10.1080/1743873x.2010.517840
- Anna Dóra Sæþórsdóttir og Rögnvaldur Ólafsson. (2012). *Ábrif raflínu frá Hólmsárvirkin að Sigöldulínu 4 á ferðamennsku og útivist*. Reykjavík: Land- og ferðamálafræðistofa, Líf- og umhverfisvísindadeild Háskóla Íslands.
- Baggio, D. (2008). Symptoms of complexity in a tourism system. *Tourism Analysis*, 13, 1-20.
- Boyd, S. W. og Hall, C. M. (2005). *Nature-based tourism in peripheral areas: development or disaster?* Clevedon: Channel View Publications.
- Braun, V. og Clarke, V. (2013). *Successful Qualitative Research*. London: SAGE.
- Castree, N. (2005). *Nature*. London; New York: Routledge.
- Castree, N. og Braun, B. (2001). *Social nature: theory, practice, and politics*. London: Wiley-Blackwell.
- Cosgrove, D. (1984). *Social formation and symbolic landscape*. London: Croom Helm.

- de Vries, S., de Groot, M. og Boers, J. (2012). Eyesores in sight: Quantifying the impact of man-made elements on the scenic beauty of Dutch landscapes. *Landscape and Urban Planning*, 105(1-2), 118-127. doi:10.1016/j.landurbplan.2011.12.005
- Demeritt, D. (1998). Science, social constructivism and nature. Í B. Braun og N. Castree (ritstj.), *Remaking reality: Nature at the millennium* (bls. 177-197). London: Routledge.
- Demeritt, D. (2002). What is the 'social construction of nature'? A typology and sympathetic critique. *Progress in Human Geography*, 26(6), 767-790. doi:10.1191/0309132502ph402oa
- Dolnicar, S. (2013). Asking Good Survey Questions. *Journal of Travel Research*, 52(5), 551-574.
- Eka, K. og Persson, L. (2012). *Wind Farms – Where and how to put them?* Lulea: Lulea University of Technology. Sótt af [http://www.usbe.umu.se/digitalAssets/107/107281\\_ues854.pdf](http://www.usbe.umu.se/digitalAssets/107/107281_ues854.pdf)
- Fennell, D. (2008). *Ecotourism* (3. útgáfa). Cornwall: TJ International Ltd.,
- Ferðamálastofa. (2014a). Erlendir ferðamenn á Íslandi. Sumar 2014. Sótt af [http://www.ferdamalastofa.is/static/files/ferdamalastofa/Frettamyndir/2014/desember/2014-12-17\\_ferdamalastofa\\_erlendirferdamenn\\_an\\_vaka\\_maskinuskyrsla\\_islenska.pdf](http://www.ferdamalastofa.is/static/files/ferdamalastofa/Frettamyndir/2014/desember/2014-12-17_ferdamalastofa_erlendirferdamenn_an_vaka_maskinuskyrsla_islenska.pdf)
- Ferðamálastofa. (2014b). Ferðaðþjónusta á Íslandi í tölum-apríl 2014. Sótt af [http://www.ferdamalastofa.is/static/files/ferdamalastofa/tolur\\_utgafur/kannanir/ferdatjonusta\\_itolum\\_april14\\_m\\_fors2.pdf](http://www.ferdamalastofa.is/static/files/ferdamalastofa/tolur_utgafur/kannanir/ferdatjonusta_itolum_april14_m_fors2.pdf)
- Ferðamálastofa. (2015). Heildarfjöldi erlendra ferðamanna 1949-2014. Sótt af <http://www.ferdamalastofa.is/is/tolur-og-utgafur/fjoldi-ferdamanna/heildarfjoldi-erlendra-ferdamanna-1949-2013>
- Field, A. (2013). *Discovering Statistics Using SPSS (Introducing Statistical Method)* (4. útgáfa). London: SAGE.
- Fredman, P. og Emmelin, L. (2001). Wilderness purism, willingness to pay and management preferences: A study of Swedish mountain tourists. *Tourism Economics*, 7, 5-20.
- Fredman, P. og Tyrväinen, L. (2010). Frontiers in Nature-Based Tourism. *Scandinavian Journal of Hospitality and Tourism*, 10(3), 177-189. doi:10.1080/15022250.2010.502365
- Goodwin, H. (1996). In pursuit of ecotourism. *Biodiversity and conservation*, 5(3), 277-291.
- Hagstofa Íslands. (2015). Gistinætur í skálum í óbyggðum 1998-2013. Sótt af <http://hagstofan.is/?PageID=2598&src=https://rannsokn.hagstofa.is/pxis/Dialog/varval.asp?ma=SAM01442%26ti=Gistin%0E6tur+%0ED+sk%0E1lum+%0ED+%0F3bygg%0F0um+1998%2D2013+%26path=../Database/ferdamal/GiAnnad/%26lang=3%26units=Fj%0F6ldi>
- Hall, C. M. (1992). *Wasteland to world heritage: Preserving Australia's wilderness*. Carlton: Melbourne University Press.
- Hall, C. M. (2005). *Tourism: Rethinking the social science of mobility*. Harlow: Pearson/Prentice Hall.
- Hall, C. M. (2008). *Tourism planning: Policies, processes and relationships* (2. útgáfa). Harlow: Pearson Prentice Hall.
- Hall, C. M. og Lew, A. A. (2009). *Understanding and managing tourism impacts. An integrated approach*. London: Routledge.
- Hall, C. M. og Page, S. (2002). *The geography of tourism and recreation: Environment, place and space* (2. útgáfa). London: Routledge.
- Hall, C. M. og Page, S. J. (2014). *The geography of tourism and recreation: environment, Place and space*. (4 útgáfa). London: Routledge, Taylor & Francis Group.,

- Hendee, J. C., Catton, J., W.R, Marlow, L. D. og Brockman, C. F. (1968). *Wilderness users in the Pacific Northwest: Their characteristics, values, and management preferences*. Portland, Oregon: Pacific Northwest Forest and Range Experiment Station.
- Hendee, J. C. og Stankey, G. H. (1973). Biocentricity in Wilderness Management. *Bioscience*, 23(9), 535-538. Sótt af <Go to ISI>://A1973Q894300007
- Hendee, J. C., Stankey, G. H. og Lucas, R. C. (1990). *Wilderness Management*. Colorado: North American Press.
- Íslandsbanki. (2015). *Íslenskt ferðapjónusta*. Sótt af <https://www.islandsbanki.is/library/Skrar/Fyrirtaeki/Ferdafjonustuskysrsla.PDF>
- Kitchin, R. og Tate, N. J. (2000). *Conducting research in human geography: Theory, methodology and practice*. Harlow, UK: Pearson Education.
- Ladenburg, J. (2014). Dynamic properties of the preferences for renewable energy sources – A wind power experience-based approach. *Energy*, 76, 542-551. doi:10.1016/j.energy.2014.08.050
- Ladenburg, J. og Dahlgaard, J.-O. (2012). Attitudes, threshold levels and cumulative effects of the daily wind-turbine encounters. *Applied Energy*, 98, 40-46. doi:10.1016/j.apenergy.2012.02.070
- Leiper, N. (1990). *Tourism systems: An interdisciplinary perspective*. Palmerston North, NZ: Massey University.,
- Lesslie, R. G., Maslen, M., Canty, D., Goodwins, D. og Shields, R. (1991). *Wilderness on Kangaroo Island, national wilderness inventory: South Australia*. Canberra: Australian Heritage Commission.,
- Lesslie, R. G., Taylor, R. G. og Sandra, G. (1983). The wilderness continuum concept and its implications for Australian wilderness preservation policy. *Biological Conservation*, 32(4), 309-333.
- Longhurst, R. (2010). Semi-structured interviews and focus groups. Í N. Clifford, S. French og G. Valentine (ritstj.), *Key methods in geography* (bls. 103-115). Los Angeles: SAGE.
- Mannvit. (2014). *Búrfellslundur. Vindmyllur í Rangárbíngi ytra og Skeiða-og Gnúpverjabreppi. Drög að tillögu að matsáætlun*. Reykjavík: Landsvirkjun.
- McCool, S. F., Clark, R. og Stankey, G. H. (2007). *An assessment of frameworks useful for public land recreation planning*. Portland, OR: U.S. Department of Agriculture, Forest Service, Pacific Northwest Research Station,
- McLafferty, S. L. (2010). Conducting Questionnaire Surveys. Í N. Clifford, S. French og G. Valentine (ritstj.), *Key Methods in Geography* (bls. 77-88). London: SAGE.
- McLennan, C.-L. J., Ruhanen, L., Ritchie, B. og Pham, T. (2012). Dynamics of Destination Development Investigating the Application of Transformation Theory. *Journal of Hospitality & Tourism Research*, 36(2), 164-190.
- Mill, R. og Morrison, A. (2012). *The Tourism System* (7. útgáfa): Kendall Hunt Publishing.
- Molnarova, K., Sklenicka, P., Stiborek, J., Svobodova, K., Salek, M. og Brabec, E. (2012). Visual preferences for wind turbines: Location, numbers and respondent characteristics. *Applied Energy*, 92, 269-278. doi:10.1016/j.apenergy.2011.11.001
- Nash, R. F. (2014). *Wilderness and the American Mind* (5 útgáfa). New Haven: Yale University Press.

- Oelschlaeger, M. (1991). *The idea of wilderness : From prehistory to the age of ecology*. New Haven: Yale University Press.
- Rannveig Ólafsdóttir, Anna Dóra Sæþórsdóttir og Micael Runnström. (2015). Purism scale approach for wilderness mapping in Iceland. Í Carver S. (ritstj.), *Mapping wilderness: spatial methods and applications in mapping and modelling wild landscapes*.: Springer.
- Saarinen, J. (2004). 'Destinations in change' : The transformation process of tourist destinations. *Tourist Studies*, 4(2), 161-179.
- Slattery, M. C., Johnson, B. L., Swofford, J. A. og Pasqualetti, M. J. (2012). The predominance of economic development in the support for large-scale wind farms in the U.S. Great Plains. *Renewable and Sustainable Energy Reviews*, 16(6), 3690-3701. doi:10.1016/j.rser.2012.03.016
- Tabassum, A., Premalatha, M., Abbasi, T. og Abbasi, S. A. (2014). Wind energy: Increasing deployment, rising environmental concerns. *Renewable and Sustainable Energy Reviews*, 31, 270-288. doi:10.1016/j.rser.2013.11.019
- Tuan, Y. F. (1990). *Topophilia : A study of environmental perception, attitudes, and values* (Morningside útgáfa). New York: Columbia University Press.
- Umhverfisstofnun og Skipulagstofnun. (1999). Miðhálandi Íslands, svæðisskipulag 2015. Reykjavík: Umhverfisstofnun og Skipulagstofnun.
- Urry, J. (2002). *The Tourist Gaze* (2 útgáfa). London: SAGE.
- Veal, A. J. (2011). *Research Methods for Leisure & Tourism. A practical guide*. Harlow: Pearson.
- Vistad, O. I. (1995). *I skogen og i skolten. Ein analyse av friluftsliv, miljøoppleving, påverknad og forvaltning i Fremundsmarka, med jamföringar til Rogen og Långfjället*. Trondheim: Universitetet i Trondheim.
- Wallsten, P. (1988). *Rekreation i Rogen : tillämpning av en planeringsmetod för friluftsliv*. Trondheim: Komitéen for miljøvern - KOMMIT, Universitetet i Trondheim.
- Weaver, D. B. (2008). *Ecotourism*. Ástralía: John Wiley & Sons.
- Wolsink, M. (2007). Wind power implementation: The nature of public attitudes: Equity and fairness instead of 'backyard motives'. *Renewable and Sustainable Energy Reviews*, 11(6), 1188-1207. doi:10.1016/j.rser.2005.10.005
- Þóra Ellen Þórhallsdóttir. (2002). *Evaluating nature and wilderness in Iceland*. Erindi var flutt á Wilderness in the Circumpolar North: Searching for compatibility in ecological, traditional, and ecotourism values. 15.-16. maí 2001 Anchorage, AK.,
- Þóra Ellen Þórhallsdóttir. (2007). Environment and energy in Iceland: A comparative analysis of values and impacts. *Environmental Impact Assessment Review*, 27(6), 522-544.

## **Viðauki I - Tölfræðigreining**

1.1. Upplifun náttúru

	N	X	S	Mjög þjáskvætt	Þjáskvætt	Íhlutlaus	Neikvætt	Mjög neikvætt
<b>Allir</b>	<b>1268</b>	<b>1,62</b>	<b>0,93</b>	60,3	25,6	8,6	3,4	2,1
<b>Kyn*</b>								
Konur	578	1,53	0,89	66,1	21,5	8,0	2,6	1,9
Karlar	650	1,70	0,96	54,0	30,3	9,4	3,8	2,5
<b>Aldur</b>								
20 < ára	78	1,68	0,92	53,8	30,8	11,5	1,3	2,6
20-29 ára	229	1,61	0,85	55,5	33,6	7,0	2,2	1,7
30-39 ára	191	1,55	0,81	60,7	27,2	8,9	2,6	0,5
40-49 ára	272	1,73	0,99	54,4	27,6	10,3	5,9	1,8
50-59 ára	296	1,63	1,01	63,5	20,3	9,5	3,7	3,0
60-69 ára	136	1,46	0,93	71,3	19,9	3,7	1,5	3,7
70 ára og eldri	26	1,77	0,99	50,0	30,8	15,4	0,0	3,8
<b>Þjóðerni**</b>								
Íslendingar	324	1,90	1,14	49,7	27,5	11,1	7,1	4,6
Frakkar	224	1,44	0,89	73,7	15,2	7,1	1,3	2,7
Þjóðverjar	207	1,65	0,83	54,6	29,5	12,6	3,4	0,0
Swisslendingar og Austurríkismenn	121	1,56	0,76	58,7	28,1	11,6	1,7	0,0
Beneluxbúar	105	1,44	0,68	63,8	31,4	1,9	2,9	0,0
Bandaríkja- og Kanadamenn	56	1,45	1,03	76,8	14,3	1,8	1,8	5,4
Aðrir Evrópubúar	70	1,53	0,79	60,0	31,4	5,7	1,4	1,4
Bretar og Írar	54	1,46	0,61	57,4	40,7	0,0	1,9	0,0
Norðurlandabúar	37	1,54	0,90	64,9	21,6	10,8	0,0	2,7
Önnur þjóðerni	38	1,58	0,89	60,5	26,3	10,5	0,0	2,6
<b>Komið áður**</b>								
Nei	849	1,51	0,81	63,6	26,7	6,2	2,1	1,3
1-3 sinnum	157	1,72	1,00	57,3	22,3	12,7	6,4	1,3
4-10 sinnum	100	1,98	1,19	46,0	29,0	12,0	7,0	6,0
Oftar en 10 sinnum	83	2,04	1,21	44,6	26,5	16,9	4,8	7,2
<b>Ferðafélagar</b>								
Einn á ferð	45	1,84	0,98	46,7	28,9	20,0	2,2	2,2
Fjölskylda	486	1,60	0,92	60,9	25,7	7,8	3,7	1,9
Ættingjar/vinir	408	1,60	0,88	58,8	28,7	8,6	2,0	2,0
Skipulögð hópferð	239	1,64	1,04	62,3	23,0	5,9	5,4	3,3
Aðrir	62	1,69	0,97	58,1	21,0	16,1	3,2	1,6
<b>Ferðamáti**</b>								
Einkabíll	341	1,82	1,09	53,1	24,3	13,8	5,0	3,8
Bílaeigubíll	492	1,43	0,70	66,7	26,4	4,7	2,0	0,2
Hópferðabíll	156	1,69	1,06	59,6	23,7	8,3	4,5	3,8
Mótorhjól/fjór hjól	24	1,67	0,64	41,7	50,0	8,3	0,0	0,0
Hjólandi	48	2,04	0,99	35,4	33,3	25,0	4,2	2,1
Gangandi	85	1,60	1,00	62,4	25,9	5,9	1,2	4,7
Ríðandi	58	1,50	1,00	70,7	20,7	0,0	5,2	3,4
Öðruvísi	33	1,73	0,84	48,5	33,3	15,2	3,0	0,0
<b>Starf**</b>								
Nemandi	159	1,82	0,99	45,9	35,8	11,3	3,8	3,1
Skrifstofu-/þjónustustörf	97	1,67	0,92	53,6	34,0	6,2	4,1	2,1
Ófaglarður	26	1,65	0,98	57,7	26,9	11,5	0,0	3,8
Eftirlaunaþegi	92	1,52	0,93	67,4	20,7	7,6	1,1	3,3
Stjórnunarstörf	206	1,59	0,92	62,6	22,3	9,7	3,9	1,5
Sérhæfð tækni- og iðnaðarstörf	146	1,75	0,99	52,7	29,5	10,3	5,5	2,1
Heimavinnandi	27	1,81	1,00	51,9	22,2	18,5	7,4	0,0
Sérfræðingur	366	1,51	0,90	66,7	22,7	5,5	3,0	2,2
Annað	113	1,58	0,86	61,1	24,8	11,5	0,9	1,8
<b>Viðhorfskvarðinn**</b>								
Mikill náttúrusinni	22	2,27	1,49	40,9	27,3	13,6	0,0	18,2
Náttúrusinni	164	1,88	1,05	44,5	35,4	11,6	4,3	4,3
Alm. ferðamaður	650	1,58	0,90	62,0	25,2	7,5	3,7	1,5
Þjónustusinni	305	1,59	0,91	61,6	24,3	9,2	3,3	1,6
<b>Tókstu eftir vindmyllunum tveimur?*</b>								
Já	969	1,66	0,96	58,8	25,2	9,6	4,3	2,1
Nei	280	1,51	0,83	63,2	28,2	5,7	0,4	2,5
<b>Stoppaðar þú við vindmyllurnar tvær?</b>								
Já	123	1,71	0,98	57,7	21,1	15,4	4,1	1,6
Nei	1123	1,61	0,93	60,2	26,3	8,0	3,3	2,2
<b>Eru vindmyllur í nágrenni við heimili þitt?*</b>								
Já	377	1,54	0,76	59,7	29,2	9,3	1,3	0,5
Nei	872	1,64	0,99	60,7	24,2	8,1	4,1	2,9
<b>Komstu til að upplifa ósnortin víðerni?*</b>								
Kom til að upplifa ósnortin víðerni	871	1,53	0,86	63,5	25,4	7,6	1,6	2,0
Kom ekki til að upplifa ósnortin víðerni	344	1,83	1,07	51,5	27,3	11,0	7,3	2,9

\*Marktækur munur á milli hópa skv. t-prófi (p<0,05) \*\*Marktækur munur á milli hópa skv. ANOVA prófi (p<0,05)



1.2. Upplifun kyrrðar

	N	X	S	Mjög þjákvætt	Þjákvætt	Íhláust	Neikvætt	Mjög neikvætt
<b>Allir</b>	<b>1229</b>	<b>1,47</b>	<b>0,76</b>	65,6	24,0	8,5	1,4	0,6
<b>Kyn*</b>								
Konur	562	1,39	0,71	71,5	19,8	7,1	1,1	0,5
Karlar	628	1,56	0,79	59,7	28,0	9,9	1,8	0,6
<b>Aldur</b>								
20 ára <	75	1,43	0,57	61,3	34,7	4,0	0,0	0,0
20-29 ára	228	1,43	0,66	65,4	28,1	5,7	0,4	0,4
30-39 ára	189	1,49	0,87	68,8	20,1	6,3	3,2	1,6
40-49 ára	265	1,51	0,75	62,6	25,7	9,8	1,9	0,0
50-59 ára	280	1,51	0,81	65,7	20,4	11,8	1,4	0,7
60-69 ára	127	1,46	0,75	66,9	22,8	8,7	0,8	0,8
70 ára og eldri	26	1,50	0,71	61,5	26,9	11,5	0,0	0,0
<b>Þjóðerni**</b>								
Íslendingar	301	1,73	0,88	50,5	30,2	15,9	2,3	1,0
Frakkar	218	1,27	0,63	79,8	15,1	4,1	0,0	0,9
Þjóðverjar	201	1,56	0,73	57,7	29,4	12,4	0,5	0,0
Svisslendingar og Austurríkismenn	121	1,54	0,79	60,3	28,9	8,3	1,7	0,8
Beneluxbúar	104	1,26	0,52	77,9	18,3	3,8	0,0	0,0
Bandaríkja- og Kanadamenn	56	1,25	0,64	82,1	14,3	0,0	3,6	0,0
Aðrir Evrópubúar	68	1,44	0,84	70,6	20,6	4,4	2,9	1,5
Bretar og Írar	54	1,35	0,52	66,7	31,5	1,9	0,0	0,0
Norðurlandabúar	37	1,30	0,66	78,4	16,2	2,7	2,7	0,0
Önnur þjóðerni	38	1,34	0,75	76,3	18,4	0,0	5,3	0,0
<b>Komið áður**</b>								
Nei	837	1,38	0,68	70,5	22,6	5,4	1,1	0,5
1-3 sinnum	149	1,54	0,77	61,1	24,8	12,8	1,3	0,0
4-10 sinnum	95	1,79	0,89	46,3	32,6	17,9	2,1	1,1
Oftar en 10 sinnum	70	1,93	0,98	42,9	28,6	22,9	4,3	1,4
<b>Ferðafélagar</b>								
Einn á ferð	44	1,50	0,63	56,8	36,4	6,8	0,0	0,0
Fjölskylda	482	1,43	0,72	67,6	23,2	7,7	1,0	0,4
Ættingjar/vinir	390	1,51	0,79	63,6	25,1	8,5	2,3	0,5
Skipulögð hópferð	230	1,49	0,81	66,5	21,3	10,0	0,9	1,3
Aðrir	55	1,56	0,79	60,0	25,5	12,7	1,8	0,0
<b>Ferðamáti**</b>								
Einkabíll	327	1,62	0,83	57,2	26,3	14,1	2,1	0,3
Bílaeigubíll	487	1,34	0,64	72,7	22,0	4,1	0,8	0,4
Hópferðabíll	149	1,51	0,78	63,1	25,5	9,4	1,3	0,7
Mótorhjól/fjór hjól	21	1,71	0,85	52,4	23,8	23,8	0,0	0,0
Hjólandi	46	1,72	0,72	41,3	47,8	8,7	2,2	0,0
Gangandi	82	1,44	0,86	72,0	18,3	6,1	1,2	2,4
Ríðandi	53	1,45	0,87	71,7	17,0	7,5	1,9	1,9
Öðruvísi	33	1,48	0,76	66,7	18,2	15,2	0,0	0,0
<b>Starf**</b>								
Nemandi	157	1,54	0,72	56,7	34,4	7,6	0,6	0,6
Skrifstofu-/þjónustustörf	93	1,38	0,67	72,0	19,4	7,5	1,1	0,0
Ófaglarður	22	1,45	0,74	68,2	18,2	13,6	0,0	0,0
Eftirlaunaþegi	88	1,42	0,74	69,3	21,6	8,0	0,0	1,1
Stjórnunarstörf	201	1,39	0,67	70,1	21,4	7,5	1,0	0,0
Sérhæfð tækni- og iðnaðarstörf	138	1,66	0,97	58,7	24,6	11,6	2,2	2,9
Heimavinnandi	26	1,69	0,97	57,7	23,1	11,5	7,7	0,0
Sérfræðingur	362	1,44	0,73	68,0	22,4	7,7	1,7	0,3
Annað	106	1,54	0,76	60,4	27,4	10,4	1,9	0,0
<b>Viðhorfskvarðinn**</b>								
Mikill náttúrusinni	20	1,85	0,88	45,0	25,0	30,0	0,0	0,0
Náttúrusinni	160	1,64	0,86	55,0	30,6	10,6	2,5	1,3
Alm. ferðamaður	631	1,46	0,75	66,1	24,2	7,8	1,3	0,6
Þjónustusinni	293	1,44	0,75	69,6	19,5	8,9	1,7	0,3
<b>Tókstu eftir vindmyllunum tveimur?</b>								
Já	938	1,48	0,76	65,4	23,8	9,0	1,3	0,6
Nei	273	1,46	0,73	65,6	25,6	6,6	1,8	0,4
<b>Stoppaðar þú við vindmyllurnar tvær?</b>								
Já	119	1,60	0,82	58,8	24,4	16,0	0,0	0,8
Nei	1088	1,46	0,75	66,3	24,1	7,5	1,6	0,6
<b>Eru vindmyllur í nágrenni við heimili þitt?</b>								
Já	372	1,43	0,70	67,2	24,5	6,7	1,3	0,3
Nei	841	1,49	0,78	65,0	23,7	9,3	1,3	0,7
<b>Komstu til að upplifa ósnortin víðerni?*</b>								
Kom til að upplifa ósnortin víðerni	842	1,41	0,71	69,4	22,7	6,2	1,2	0,6
Kom ekki til að upplifa ósnortin víðerni	333	1,66	0,85	55,0	27,3	15,0	2,1	0,6

\*Marktækur munur á milli hópa skv. t-prófi (p<0,05) \*\*Marktækur munur á milli hópa skv. ANOVA prófi (p<0,05)

1.3. Viðhorf til aðgengis

	N	X	S	Mjög jákvætt	Jákvætt	Uthlæst	Neikvætt	Mjög neikvætt
<b>Allir</b>	<b>1220</b>	<b>2,14</b>	<b>1,04</b>	34,4	30,1	23,6	10,8	1,1
<b>Kyn</b>								
Konur	556	2,13	1,04	34,5	30,2	23,9	10,3	0,5
Karlar	627	2,16	1,05	33,7	30,6	23,1	11,6	0,6
<b>Aldur**</b>								
20 ára <	74	2,30	0,90	21,6	35,1	35,1	8,1	0,0
20-29 ára	227	2,43	1,07	24,2	27,3	31,7	15,0	1,8
30-39 ára	190	2,34	1,08	26,3	32,6	23,2	16,8	1,1
40-49 ára	263	1,98	0,96	39,2	31,6	22,1	6,8	0,4
50-59 ára	282	2,05	1,10	41,1	27,3	18,8	11,0	1,8
60-69 ára	122	1,80	0,88	46,7	31,1	18,0	4,1	0,0
70 ára og eldri	25	2,12	0,93	24,0	52,0	12,0	12,0	0,0
<b>Þjóðerni**</b>								
Íslendingar	298	1,79	0,92	48,0	31,2	16,4	3,0	1,3
Frakkar	217	2,18	1,13	37,8	23,5	23,5	13,8	1,4
Þjóðverjar	200	2,19	0,95	25,5	41,5	22,0	10,5	0,5
Swisslendingar og Austurríkismenn	122	2,16	1,05	32,8	32,0	22,1	12,3	0,8
Beneluxbúar	102	2,50	1,08	22,5	26,5	30,4	19,6	1,0
Bandaríkja- og Kanadamenn	56	2,25	1,07	33,9	19,6	33,9	12,5	0,0
Aðrir Evrópubúar	68	2,62	0,96	14,7	26,5	42,6	14,7	1,5
Bretar og Írar	53	2,09	1,02	34,0	35,8	17,0	13,2	0,0
Norðurlandabúar	36	2,44	1,13	25,0	27,8	27,8	16,7	2,8
Önnur þjóðerni	38	2,29	1,04	28,9	26,3	31,6	13,2	0,0
<b>Komið áður**</b>								
Nei	833	2,26	1,06	29,9	29,5	25,9	13,7	1,0
1-3 sinnum	150	2,11	0,91	30,0	36,0	27,3	6,7	0,0
4-10 sinnum	95	1,64	0,78	52,6	32,6	12,6	2,1	0,0
Oftar en 10 sinnum	68	1,85	1,12	51,5	26,5	11,8	5,9	4,4
<b>Ferðafélagar</b>								
Einn á ferð	44	2,09	1,10	38,6	29,5	15,9	15,9	0,0
Fjölskylda	476	2,15	1,05	34,0	30,3	23,1	11,6	1,1
Ættingjar/vinir	391	2,20	1,03	31,5	29,9	26,9	10,7	1,0
Skipulögð hópferð	225	2,10	1,04	36,0	30,7	22,2	9,8	1,3
Aðrir	58	1,93	0,97	41,4	32,8	17,2	8,6	0,0
<b>Ferðamáti**</b>								
Einkabíll	325	1,95	0,97	40,9	30,5	22,5	4,9	1,2
Bílaeigubíll	485	2,33	1,06	27,2	29,3	27,4	15,1	1,0
Hópfarðabíll	146	2,22	1,03	29,5	34,2	21,2	15,1	0,0
Mótorhjól/fjór hjól	21	1,67	0,86	52,4	33,3	9,5	4,8	0,0
Hjólandi	46	2,17	1,00	28,3	39,1	19,6	13,0	0,0
Gangandi	84	1,89	1,06	47,6	28,6	11,9	10,7	1,2
Ríðandi	52	1,90	0,98	46,2	23,1	25,0	5,8	0,0
Öðruvísi	33	2,15	1,00	30,3	33,3	30,3	3,0	3,0
<b>Starf**</b>								
Nemandi	157	2,36	0,97	22,3	31,8	35,0	9,6	1,3
Skrifstofu-/þjónustustörf	93	2,04	1,09	41,9	25,8	19,4	11,8	1,1
Ófaglaræður	22	2,00	1,11	40,9	31,8	18,2	4,5	4,5
Eftirlaunþegi	83	1,83	0,95	48,2	26,5	19,3	6,0	0,0
Stjórnunarstörf	200	2,18	1,04	31,0	34,5	21,0	12,5	1,0
Sérhæfð tækni- og iðnaðarstörf	138	2,12	1,07	35,5	31,9	19,6	11,6	1,4
Heimavinnandi	27	2,07	1,24	48,1	14,8	22,2	11,1	3,7
Sérfræðingur	361	2,18	1,04	32,7	29,4	26,0	11,1	0,8
Annað	106	2,06	1,04	37,7	32,1	17,0	13,2	0,0
<b>Viðhorfskvarðinn**</b>								
Mikill náttúrusinni	20	1,30	0,57	75,0	20,0	5,0	0,0	0,0
Náttúrusinni	161	2,12	1,02	34,2	31,1	23,6	10,6	0,6
Alm. ferðamaður	628	2,20	1,03	31,2	31,1	25,3	11,6	0,8
Þjónustusinni	293	2,16	1,09	34,8	30,0	21,5	11,6	2,0
<b>Tókstu eftir vindmyllunum tveimur?*</b>								
Já	933	2,11	1,05	36,5	28,8	23,2	10,3	1,2
Nei	269	2,26	1,02	26,8	34,9	24,5	13,0	0,7
<b>Stoppaðar þú við vindmyllurnar tvær?</b>								
Já	113	1,99	1,06	43,4	24,8	23,0	7,1	1,8
Nei	1086	2,16	1,04	33,1	30,8	23,7	11,3	1,0
<b>Eru vindmyllur í nágrenni við heimili þitt?*</b>								
Já	369	2,25	1,05	28,7	32,8	23,8	13,6	1,1
Nei	834	2,09	1,04	36,9	28,9	23,7	9,4	1,1
<b>Komstu til að upplifa ósnortin víðerni?</b>								
Kom til að upplifa ósnortin víðerni	839	2,16	1,05	34,1	29,0	24,6	11,3	1,1
Kom ekki til að upplifa ósnortin víðerni	330	2,10	1,02	34,8	31,8	22,4	10,0	0,9

\*Marktækur munur á milli hópa skv. t-prófi (p<0,05) \*\*Marktækur munur á milli hópa skv. ANOVA prófi (p<0,05)

1.4. Upplifun feðurðar

	N	X	S	Mjög þjákvætt	Þjákvætt	Íhláust	Neikvætt	Mjög neikvætt
<b>Allir</b>	<b>1229</b>	<b>1,70</b>	<b>0,92</b>	54,9	26,8	13,5	3,4	1,4
<b>Kyn*</b>								
Konur	559	1,62	0,90	59,9	24,0	12,0	2,7	1,4
Karlar	631	1,78	0,94	49,4	29,8	15,2	4,3	1,3
<b>Aldur**</b>								
20 ára <	74	1,76	0,89	50,0	28,4	17,6	4,1	0,0
20-29 ára	230	1,65	0,83	51,7	37,0	7,0	3,5	0,9
30-39 ára	190	1,55	0,81	62,1	23,7	12,1	1,6	0,5
40-49 ára	269	1,73	0,94	52,8	28,6	12,3	5,2	1,1
50-59 ára	277	1,87	1,02	49,1	22,4	23,1	3,2	2,2
60-69 ára	126	1,56	0,97	67,5	18,3	7,9	4,0	2,4
70 ára og eldri	25	1,84	0,99	44,0	36,0	16,0	0,0	4,0
<b>Þjóðerni**</b>								
Íslendingar	299	1,78	1,00	52,5	24,7	17,1	3,3	2,3
Frakkar	216	1,66	0,90	56,5	25,9	13,9	2,3	1,4
Þjóðverjar	200	1,88	0,95	44,0	31,5	18,0	6,0	0,5
Svisslendingar og Austurríkismenn	121	1,71	0,81	48,8	33,9	14,9	2,5	0,0
Beneluxbúar	105	1,61	0,79	55,2	31,4	10,5	2,9	0,0
Bandaríkja- og Kanadamenn	56	1,59	0,93	62,5	23,2	8,9	3,6	1,8
Aðrir Evrópubúar	69	1,55	0,83	60,9	27,5	8,7	1,4	1,4
Bretar og Írar	56	1,63	1,02	64,3	19,6	7,1	7,1	1,8
Norðurlandabúar	37	1,51	1,07	73,0	16,2	2,7	2,7	5,4
Önnur þjóðerni	39	1,36	0,67	71,8	23,1	2,6	2,6	0,0
<b>Komið áður</b>								
Nei	836	1,69	0,91	55,1	26,7	13,6	3,6	1,0
1-3 sinnum	152	1,68	0,86	52,6	30,3	13,8	2,6	0,7
4-10 sinnum	93	1,83	0,97	48,4	28,0	17,2	5,4	1,1
Oftar en 10 sinnum	69	1,80	1,13	55,1	24,6	11,6	2,9	5,8
<b>Ferðafélagar</b>								
Einn á ferð	44	1,75	0,84	45,5	38,6	11,4	4,5	0,0
Fjölskylda	479	1,72	0,92	53,2	27,3	14,4	4,0	1,0
Ættingjar/vinir	393	1,66	0,87	55,2	28,5	13,0	2,0	1,3
Skipulögð hópferð	228	1,70	0,97	57,5	22,4	14,0	4,8	1,3
Aðrir	58	1,81	1,13	55,2	22,4	13,8	3,4	5,2
<b>Ferðamáti</b>								
Einkabíll	326	1,74	0,97	54,3	24,8	15,6	3,4	1,8
Bílaeigubíll	488	1,70	0,88	52,7	29,9	12,9	3,9	0,6
Hópfarabíll	147	1,82	0,95	49,0	25,9	21,1	2,7	1,4
Mótorhjól/fjór hjól	23	1,78	1,09	52,2	30,4	8,7	4,3	4,3
Hjólandi	46	1,74	0,88	47,8	37,0	8,7	6,5	0,0
Gangandi	82	1,51	0,95	68,3	20,7	6,1	1,2	3,7
Ríðandi	54	1,43	0,82	70,4	22,2	3,7	1,9	1,9
Öðruvísi	34	1,74	0,96	55,9	20,6	17,6	5,9	0,0
<b>Starf</b>								
Nemandi	156	1,80	0,94	47,4	32,1	14,7	4,5	1,3
Skrifstofu-/þjónustustörf	94	1,64	0,93	58,5	25,5	11,7	2,1	2,1
Ófaglarður	22	1,41	0,67	68,2	22,7	9,1	0,0	0,0
Eftirlaunaþegi	86	1,62	0,96	61,6	23,3	9,3	3,5	2,3
Stjórnunarstörf	198	1,76	0,89	49,0	31,3	15,2	4,0	0,5
Sérhæfð tækni- og iðnaðarstörf	141	1,84	1,06	49,6	29,1	12,8	5,0	3,5
Heimavinnandi	25	1,80	0,91	48,0	28,0	20,0	4,0	0,0
Sérfræðingur	366	1,66	0,91	57,7	24,0	13,9	3,3	1,1
Annað	106	1,62	0,87	58,5	24,5	14,2	1,9	0,9
<b>Viðhorfskvarðinn</b>								
Mikill náttúrusinni	20	1,80	0,83	40,0	45,0	10,0	5,0	0,0
Náttúrusinni	161	1,64	0,82	54,0	31,1	12,4	1,9	0,6
Alm. ferðamaður	631	1,68	0,92	55,8	26,8	12,7	3,3	1,4
Þjónustusinni	293	1,84	1,02	50,2	25,3	17,1	5,8	1,7
<b>Tókstu eftir vindmyllunum tveimur?*</b>								
Já	934	1,74	0,94	52,9	27,1	15,0	3,5	1,5
Nei	276	1,57	0,86	60,9	26,4	8,3	3,3	1,1
<b>Stoppaðar þú við vindmyllurnar tvær?</b>								
Já	113	1,99	1,06	52,6	26,7	13,8	4,3	2,6
Nei	1086	2,16	1,04	54,9	27,0	13,4	3,4	1,3
<b>Eru vindmyllur í nágrenni við heimili þitt?</b>								
Já	374	1,73	0,91	51,3	30,2	13,9	3,2	1,3
Nei	838	1,68	0,93	56,7	25,2	13,2	3,6	1,3
<b>Komstu til að upplifa ósnortin víðerni?*</b>								
Kom til að upplifa ósnortin víðerni	845	1,62	0,87	58,3	26,0	12,0	2,7	0,9
Kom ekki til að upplifa ósnortin víðerni	331	1,91	1,03	45,6	27,5	19,0	5,7	2,1

\*Marktækur munur á milli hópa skv. t-prófi (p<0,05) \*\*Marktækur munur á milli hópa skv. ANOVA prófi (p<0,05)

3.1. Ánægja með dvölinu á svæðinu

	N	X	S	Mjög ánægð(ur)	Ánægð(ur)	Í hlutfæst	Óánægð(ur)	Mjög óánægð(ur)
<b>Allir</b>	<b>1296</b>	<b>1,61</b>	<b>0,71</b>	51,2	38,1	9,9	0,4	0,4
<b>Kyn*</b>								
Konur	594	1,56	0,68	54,0	36,2	9,3	0,5	0,0
Karlar	660	1,65	0,74	48,3	40,2	10,5	0,3	0,8
<b>Aldur**</b>								
20 < ára	79	1,78	0,81	40,5	44,3	12,7	1,3	1,3
20-29 ára	233	1,71	0,78	45,9	39,5	13,3	0,4	0,9
30-39 ára	190	1,55	0,64	53,2	38,9	7,9	0,0	0,0
40-49 ára	271	1,55	0,71	56,1	34,3	8,5	0,7	0,4
50-59 ára	303	1,61	0,68	49,5	39,6	10,9	0,0	0,0
60-69 ára	142	1,53	0,65	55,6	35,9	8,5	0,0	0,0
70 ára og eldri	35	1,63	0,94	57,1	31,4	5,7	2,9	2,9
<b>Þjóðerni</b>								
Íslendingar	326	1,60	0,76	54,0	33,1	12,0	0,3	0,6
Frakkar	225	1,57	0,67	52,9	37,3	9,8	0,0	0,0
Þjóðverjar	214	1,60	0,77	53,3	36,0	8,9	0,9	0,9
Swisslendingar og Austurríkismenn	132	1,58	0,69	53,0	37,1	9,1	0,8	0,0
Beneluxbúar	104	1,80	0,69	35,6	49,0	15,4	0,0	0,0
Bandaríkja- og Kanadamenn	60	1,53	0,75	56,7	36,7	5,0	0,0	1,7
Aðrir Evrópubúar	69	1,71	0,57	34,8	59,4	5,8	0,0	0,0
Bretar og Írar	56	1,54	0,60	51,8	42,9	5,4	0,0	0,0
Norðurlandabúar	37	1,54	0,80	62,2	24,3	10,8	2,7	0,0
Önnur þjóðerni	40	1,65	0,66	45,0	45,0	10,0	0,0	0,0
<b>Komið áður**</b>								
Nei	873	1,64	0,71	47,8	41,1	10,3	0,5	0,3
1-3 sinnum	160	1,49	0,62	58,1	35,0	6,9	0,0	0,0
4-10 sinnum	97	1,52	0,65	56,7	35,1	8,2	0,0	0,0
Oftar en 10 sinnum	82	1,65	0,84	53,7	31,7	12,2	1,2	1,2
<b>Ferðafélagar**</b>								
Einn á ferð	44	1,50	0,67	59,1	31,8	9,1	0,0	0,0
